



## Bætt umferðaröryggi við Austurveg á Selfossi



Búid er að setja upp þrengingar við gangbrautir á Austurveginum á Selfossi. Það kemur í veg fyrir að ökumenn taki fram úr bifreiðum sem stöðvað hafa fyrir gangandi vegfarendum á leið yfir gangbrautina.

Í mars sl. greindi blaðið frá því þegar barn var sett í hættu vegna framúraksturs við gangbraut á Austurvegi á Selfossi. Vegurinn er frekar breiður og gefur fólki tækifæri á að gera einhverjar kúnstir, en ökumaðurinn tók hægra megin fram úr ökutæki sem stöðvað hafði fyrir gangandi vegfaranda. Ábendingar bárust til blaðsins frá íbúum vegna málsins og samfélagsmiðlar loguðu. Blaðið ræddi við íbúa sem lýstu áhyggjum sínum af ástandi mála.

### Vegurinn þrengdur við gangbrautir

Vegagerðin hefur nú brugðist við vegna málsins og hefur sett þrengingar við gangbrautir sem þvera veginn og með því gert

næsta ómögulegt fyrir ökumenn að fara fram úr á meðan gangandi vegfarendum er hleypt yfir. „Þetta er heilmikil bragarbót og þakkarvert að Vegagerðin hafi hlaupið til og kippt þessu í liðinn sem fyrst. Þetta bætir umferðaröryggi þeirra sem eru gangandi eða hjólandi. Nú stendur eftir að við ökumenn þurfum, eftir sem áður, að huga að bættri umferðarmenningu,“ segir Kristinn M. Bárðarson, ökukennari á Selfossi um málið.

### Breytingar á veginum við tilfærslu á þjóðveginum

Þegar nýja brúin kemur og þjóðvegurinn færast í nýtt vegstæði ofan við bæinn mun sveitarfélagið taka við veginum af hendi Vegagerðarinnar. Þá er

líklegt að einhverjar breytingar verði gerðar á vegstæðinu og það aðlagð enn frekar að þörfum sveitarfélagsins. Við heyrðum í Gísla Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Árborgar vegna málsins og spurðum hvort eitt-hvað væri farið að velja þeim málum upp og hvers íbúar megi vænta með veginn. „Það er ekki neitt komið á borðið í þessum efnun. Þó er frá því að segja að í skipulagsvinnu sveitarfélagsins hefur verið lögð á það mikil áhersla að vegurinn verði aðlagður að þörfum samfélagsins hér í Árborg. Hér mun verða mannvænt breiðstræti í takt við það samfélag sem hér býr og er í þróun,“ segir Gísli Halldór í samtali við Dagskrána. -gpp



Herdís Huld Guðveigardóttir var hress og kát í búðinni á mánudagsmorgni. Mynd LM.

## Gvendarkjör opnar á Klaustri

Verslunin Gvendarkjör opnaði á Kirkjubæjarklaustri laugardaginn 12. júní sl. Margir gáfu sér tíma til að koma í búðina þegar opnaði enda menn orðnir langeygir eftir matvöruverslun frá því að Krónan lokaði í byrjun ársins. Eru íbúar í Skaftárhreppi ánægðir með að geta aftur verslað í heimabyggð, hitt náungann og spjallað við mjólkurkælinn eða hlaupið eftir því sem vantar hverju sinni.

Það eru þau Auður Eyþórsdóttir og Guðmundur Vignir

Steinsson sem reka verslunina en þau reka einnig Systrakaffi og Skaftárskála. Þó ekki væri formleg verslun í vetur leystu þau hjónin, Auður og Guðmundur Vignir, það með litlu horni í Skaftárskála sem kallað var Gvendarhorn þar sem hægt var að fá helstu nauðsynjar. Markmiðið er að reka matvöruverslunina yfir sumarið og vonandi verður rekstargrundvöllur fyrir heilsársverslun, ef ekki, verða seldar nauðsynjar í Skaftárskála yfir háveturinn.

## Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Geysi

Fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Bláskógabyggð hafa undanfarið unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Geysi. Drögin hafa verið lögð fram á heimasíðu Umhverfisstofnunar og eru til umsagnar fram til 6. ágúst, en þá rennur út frestur til að skila inn athugasemdum.

Geysissvæðið var friðlýst sem náttúruvætti þann 17. júní árið 2020 í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Markmið friðlýsingar svæðisins sem náttúruvættis er að stuðla

ad varðveislu sérstæðra jarðmyndana, hvera, örvera og sérstæðs gróðurs á hverasvæðinu sem er einstakur á lands- og heimsmælikvarða. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Geysi er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnið í samvinnu við réttthafa lands og sveitarfélag og er hugsað sem stjórnnteki til að móta framtíðarsýn svæðisins. Í áætluninni er lögð fram stefnumótun til 10 ára, ásamt aðgerðaáætlun. -gpp



## Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656



## Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirikinn.is





## Barnaverndarstofa

### Ráðgjafar

Barnaverndarstofa hefur í aldarfjórðung verið leiðandi í þjónustu við börn, þróun vandaðra vinnubragða og innleiðingu gagnreindra aðferða. Stofnunin leitar nú að tveimur öflugum starfsmönnum í tímabundna ráðningu til áramóta með möguleika á áframhaldandi vinnu.

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglíngum? Um er að ræða tvær 100% stöður í vaktavinnu á Meðferðarheimilinu Lækjarbakka, Geldingalæk, 851 Hellu.

#### Starfssvið á meðferðarheimilinu

##### Lækjarbakka felst m.a. í:

- Meðferðarvinnu og daglegum samskiptum við unglíngja á meðferðardeild.
- Samskiptum við foreldra.
- Vinnu að tómsundastarfi með unglíngum.
- Einstaklingsbundnum stuðningi við unglíngjanna í meðferð í samvinnu við deildarstjóra, verkefnastjóra og sálfræðinga.

#### Persónulegir eiginleikar

Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samskiptahæfni, sveigjanleika, jákvætt viðhorf til skjólstaðinga, líkamlegt og andlegt heilbrigði, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

#### Hæfnikröfur

- Reynsla og/eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi, t.d. í meðferðar-, tómsunda- eða íþróttastarfi.
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gild ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Vakinn er athygli á að Barnaverndarstofa aflar sjálf upplýsinga úr sakaskrá áður en viðkomandi hefur störf hjá stofnuninni. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

#### Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2021.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Funi Sigurðsson, forstöðumaður Stuðla/Lækjarbakka, í síma 530 8800 eða funi@studlar.is. Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Fyrir Rafíþróttadeild Selfoss voru þeir Ari Gauti, Daniel Rökkvi og Jón Þórarinn sem kepptu. Mynd: Ómar Ragnarsson.

## Rafíþróttadeild Selfoss kom, sá og sigraði í norðulandamóti í Rocket League

Á Selfossi hefur verið öflugt Rafíþróttastarf undanfarin misseri. Þrátt fyrir að deildin hafi ekki verið lengi starfandi er óhætt að segja að starfið hafi farið vel af stað, enda árangurinn eftir því. Þann 5. júní sl. tók Rocket League lið frá Rafíþróttadeild Selfoss þátt í móti sem var á vegum NorcupEsports sem er samvinnuverkefni milli félagsmiðstöðva frá Noregi, Danmörku og Íslandi. Keppt var í útsláttakeppni og Selfoss eSports enduðu í fyrsta sæti nokkuð örugglega.

#### Sigurinn gott merki um góða vinnu

„Sem nýtt lið sem vantar reynslu þá er þessi sigur gott merki um að sú vinna sem við höfum verið í með þeim sé að skila sér. Þeir stóðu sig frábærlega í öllum þeim leikjum sem þeir spiluðu. Spilamennskan einkenndist af

samvinnu og trausti samhliða góðum skilning á leiknum. Þegar þeir byrjuðu að gera villur tóku þeir þeim ábendingum sem komu og notuðu þær til að koma sér aftur inn í leikinn. Við gætum ekki verið stoltari af þessum strákum og þeir áttu sigurinn svo sannarlega skilið,“ segir Jón Hjörtur, yfirþjálfari hjá Selfoss eSports.

#### Spiluðu örugga og jafna spilun og árangurinn eftirtektarverður

Það voru fjögur lið sem kepptu til úrslita þar sem þeir unnu öll þau lið sem þeir spiluðu á móti. Af þeim fjórum liðum sem kepptu í úrslitum var Selfoss eSports eina íslenska liðið sem keppti í úrslitum. Þeir byrjuðu fyrsta leikinn sinn á marki á 3 sekúndu en við tóku erfðir leikir. Liðin sem þeir kepptu á móti sýndu mikla færni í leiknum en samvinna sem liðið okkar

sýndi tryggði þeim sigur í leik eftir leik. Selfoss komu inn með góða möguleika og voru taldir sigurstranglegir miðað við stöðu þeirra í leiknum. Í úrslitaleiknum fóru leikimír 1 sigur fyrir Team Nordic á móti 4 hjá Selfoss eSports. Í síðasta leiknum hafði team Nordic Nordic möguleika á að jafna og halda sér í keppninni en þegar 13 sekúndur voru eftir nýtti Selfoss sér pressuna sem var á Team Nordic og um leið og þeir gerðu mistök tóku stöðuna í 3-1 og tryggðu sér vinninginn.

Þegar liðin voru metin að lokinni keppni var mikið talað um þann skilning sem strákarnir sýndu á leiknum, örugga og jafna spilun sem kom fram í fáum villum hjá þeim. Það sást greinilega að samskiptin milli þeirra voru til fyrirmyndar og traustið sem þeir höfðu hvor á öðrum gaf þeim forskotið sem þeir þurftu til að vinna.

## Reynsla Íslands gagnleg fyrir endurheimt vistkerfa á heimsvísu

Ísland hefur langa reynslu í Íbaráttu gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs og sú reynsla getur gagnast öðrum. Þetta kom fram í máli Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra, í pallborðsumræðum á vegum UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem haldnar voru í tilefni þess að Áratug vistheimtar er hleypt af stokkunum á heimsvísu.

Áratugur vistheimtar er samstarfsverkefni fjölmargra stofnana á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra. Tilgangurinn er að styðja við endurheimt vistkerfa á áratugnum 2021-2030 í því skyni að efla líffræðilega fjölbreytni, sporna gegn skaðlegum loftslagsbreytingum og styrkja náttúrulegar undirstöður mannlegra samfélaga, s.s. varðandi fæðuframléiðslu og vatnsbúskap.

UNESCO er ein þeirra stofnana sem stendur að Áratug vistheimtar og var af því tilefni eftir til pallborðsumræðna um



hlutverk menntunar, vísinda og menningar í því að endurheimta heilbriggt samband milli náttúru og manna. Guðmundur Ingi var þar einn framsögumanna, ásamt menntamálaráðherra Bútan, Jai Bir Rai og Hindou Oumarou Ibrahim, baráttukonu frá Chad

Ráðherra rakti yfir 100 ára sögu baráttu gegn jarðvegseyðingu á Íslandi og hvernig tekist hefði að snúa vörn í sókn þannig að nú færi fram umtalsverð landgræðsla og skógrækt á löskuðu og eyddu landi. Íslandi hefði orðið fyrir mestu jarðvegseyðingu í Evrópu og búi nú að dýr-

mætri reynslu eftir langa baráttu. Sú reynsla geti nýst víða, þótt aðstæður á öðrum stöðum séu ólíkar því sem gerist á Íslandi.

Meðal þess sem læra megi af reynslu Íslendinga sé að byggja endurheimt vistkerfa á vísindalegri þekkingu og að reyna að virkja samfélagið til góðra verka í þessu sviði. „Kannski er mikilvægasti lærdómurinn sá að við sjáum hér á Íslandi að endurheimt vistkerfa er möguleg. Það eru skilaboðin sem við getum gefið út í umheiminn og þeim skilaboðum fylgir von“ sagði Guðmundur Ingi.

# Lífrænn úrgangur - Vandamál verða að tækifærum

„Næringarefnin eru nákvæmlega jafn verðmæt og í tilbúnum áburði“

Endurnýting næringarefna úr lífrænum úrgangi skiptir miklu máli fyrir Ísland og Íslendinga.

Hingað til hefur skort leiðir til að nýta hann á vistvænan hátt, þó sérstaklega ýmiskonar „vandamálaúrgangur“. Vandamálaúrgangur sem hér er notað sem samheiti yfir efni sem eru illa nýtt s.s. mannaseyra og ýmis úrgangur frá eldisdýrum, er oft urðaður eða hleypt út í sjó. Hann mætti hinsvegar frekar kalla „tækifærisúrgangur“.

Þessi tækifærisúrgangur inniheldur mikið magn dýrmætra næringarefna og það er því fullkomin soun að nýta hann ekki, sérstaklega í landi þar sem ástand gróðurs og jarðvegs er svona bágborið. Því er til mikils að vinna að nýta hann sem best og nota í stað tilbúins innflutts áburðar þar sem það er hægt, en tilbúinn áburður hefur margfalt herra kolefnisspor og er dýr í innkaupum. Tækifærisúrgangurinn er hinsvegar heimafenginn og oftast gjaldfrjáls.

Í ársbyrjun 2021 hófst sam-eiginlegt tilraunaverkefni „Sjálfbær áburðarvinnsla“ í samstarfi Landgræðslunnar, Matís, fyrirtækisins Atmonia, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hafró og Landsvirkjunar, en verkefnið er leitt af Matís. Verkefnið fékk styrk til tveggja ára frá Markáætlun Rannís og takmark þess er að finna leiðir til að bæta næringarefnum í lífrænan úrgang og gera þau að verðmætum áburði. Þessa dagana er verið að setja upp tilraunir á Geitasandi í Rangárvallasýslu þar sem borin eru saman áhrif ýmiskonar lífrænna efna á gróðurframvindu á rýrum mel. Sex mismunandi tegundir lífrænna efna eru prófaðar með eða án viðbættra næringarefna og sum þeirra í misstórum skömmtum. Allur úrgangur hefur verið meðhöndlaður á þann hátt að leyfilegt er að dreifa honum til uppgræðslu.

Einn af þáttakendum í verkefninu er Atmonia, en þar á bæ hefur verið þróuð ný ódýr aðferð við að vinna nitur úr andrúmslofti sem að auki hefur lítið kolefnisspor miðað við hefðbundna tækni. Gangi áætlanir eftir gæti framleiðsla niturs með þessari aðferð stuðlað að sjálfbærri áburðarframleiðslu hérlandis og dregið stórlega úr innflutningi tilbúins áburðar.

„Það eru geysilega mikil verðmæti fólgin í lífrænum úrgangi, þó flest okkar líti á hann sem vandamál sem best sé að losna við sem fyrst. Næringarefnin eru nákvæmlega jafn verðmæt og í tilbúnum áburði, bara aðeins þyngri í notkun“ segir Magnús H. Jóhannsson teymisstjóri sem stýrir verkefninu fyrir hönd Landgræðslunnar. „Í þessari tilraun er verið að taka

skrefið lengra og skoða hvort hægt sé að gera úrgangsefnin að verðmætari áburði og því einskonar vöruþróun í gangi. Það er alltaf jafn spennandi að fylgjast með tilraunum sem þessum og sjá hvernig hægt er að efla framvindu gróðurs með efnunum sem

annars færu ónýtt í urðun eða rynnu út í sjó“.

Fyrstu gróðurmælingar munu fara fram í haust, verða endurteknaðar haustið 2022 og munu niðurstöður birtast í framhaldinu.



LYSTIGARÐURINN Í HVERAGERÐI

## Aut i Blóma

18. - 19. JÚNÍ

18. JÚNÍ · FÖSTUDAGSKVÖLD

**BASSADÆTUR,  
UNNUR BIRNA & DAGNÝ HALLA  
VALGEIR GUÐJÓNSSON  
HREIMUR ÖRN HEIMISSON**

19. JÚNÍ · LAUGARDAGSKVÖLD

**LAY LOW  
STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR  
MAGNÚS THOR  
STEFÁN HILMARSSON**

MIDASALA Á TIX.IS

Sólgler með styrk fylgja kaupum á margskiptum gleraugum.



**GLERAUGNA GALLERÍ**  
Eyravegi 7 s: 482 1144

## Ný verk prýða Sundhöll Selfoss

Guðrún Arndís Tryggvadóttir myndlistarmaður hefur sett upp sýningu á einu af stóru verkum sínum í Sundhöll Selfoss.

Aðspurð segir hún að verkið hafi þróast út frá upplifun sinni af sundi og köfun og hinni eilífu leit að svörum í djúpinu. Hugmyndin snýst um það hvað allt er í raun líkt, lífverurnar, gróðurinn, vatn, eldur og jörð.

Fyrir Guðrúnu er sund mjög mikilvæg dagleg iðkun og henni fannst að verkið yrði hreinlega að fá að koma í sundlaugina þar sem hugmyndin varð til.



## Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er að þessu sinni enginn annar en okkar ástækari íhlaupamaður Sven Lindström. Hann hefur farið um víðan völl en ætla nú að þessu sinni að halda sig heima á Íslandi og leggja línurnar fyrir þjóðhátírdaginn sjálfan.

Það er viðeigandi að hefja daginn á því að hlusta á *Hver á sér fegra föðurland* á Spotify með Lúðrasveit Reykjavíkur til þess eins að koma sér í gírinn. Á þjóðhátírdögum hefur hver sínar venjur en hinn íslenski armur Svens er þekktur fyrir íhald og hefðir þegar kemur að hátíðisdögum.

### Rjúmapönnsur

Það verður enginn óbarinn biskup í því að ná góðri pönnukökutækni. Þunnar skulu þær vera og bragðast eins og amma gerði þær. Svo er það deigið. Maður lifandi, hvernig gerir maður pönnukökudeig eftir uppskrift? Það er nefnilega ekki hægt, hún þarf að spílata eftir eyranu.

250 gr. hveiti  
2 egg  
Brætt smjör af pönnukökupönnunni, væn flís!  
Vanilla eftir smekk  
Teskeið af sykri ef þær eiga að brúnast vel.  
Nýmjólk eftir þörfum

Já kærur vinir, eftir þörfum. Degið þarf að vera þunnt svo það renni. Nú þarf bara að æfa

sig! Nú segir einhver hvað með lyftiduft og þessháttar? Nei, slíkar gersemar voru af skornum skammti áður fyrr og notast hreint ekki hér á sjálfan þjóðhátírdaginn. Deigið á að flæða vel á pönnunni við liprar únlíðshreyfingar bakarans. Best er að nota ávallt sömu ausuna svo bakarinn viti nákvæmlega hve mikið þarf í eina pönnu svo hún verði síst of þykk.

Þeytið rjóma, takið fram sultuna og njótið!

### Þjóðhátíðarkótilettur

Þykkskornar kótilettur með sæmilegri fiturönd er eitthvað sem bráðnar í munni og kallar fram allt það besta sem landið hefur að bjóða. Það þarf vart annað meðlæti með kótilettunum en sumarsalat, kryddsmjör og einhverskonar veigar til að skola þeim niður með. Þykkskornar kótilettur 3-5 á mann. Salt, pipar og villijurtir

Kótilettur skal salta, pipra. Að því loknu má sáldra íslenskum villijurtum yfir þær. Galdurinn er svo fólgin í því að grilla þær á funheitu kolagrilli í um 2-4 mín á hvorri hlið eftir þykkt. Salatið er að eigin vali, gjarna skreytt með fetaosti og brauðteningum.

Kryddsmjör  
250 gr smjör  
Hvítlauxsgeiri  
Villikrydd  
2-3 dropar af bernaisessence  
Þeytt saman.

Skorað er á Inga Björn Guðmundsson.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Hefjum nýja framsókn fyrir Suðurland

Það líður að kosningum. Þær bíða okkar handan sumarsins. Framsóknarfólk mætir kosningunum bjartsýnt með árangur í farangrinum. Okkur hefur tekist það, okkur í Framsókn, að vinna stefnu okkar brautargengi og það sem meira er við höfum náð stórkostlegum árangri í því að láta stefnuna verða að veruleika, raungerast í mikilvægum framfarumálum. Stórkostleg aukning í framlögum til samgöngumála er raunveruleiki. Við höfum fundið fyrir því á ferðum okkar um landið að það er alls staðar verið að byggja upp. Alls staðar. Og í þessum orðum, „alls staðar á landinu“, felst líklega ein helsta sérstaða okkar sem stjórnvaldafls. Við hugsum um landið allt. Sú hugsun birtist í öflugri uppbyggingu samgangna um allt land, Loftbrú, almenningsamgöngum hringinn í kringum landið, jarðgöngum, ferjusiglingum, hafnabótum og svo mætti lengi telja.

Við Sunnlendingar sjáum þess merki allt í kringum okk-

ur að það er stórsókn í samgöngum. Þjóðvegur eitt er í hraðri uppbyggingu, ný Ölfusárbrú er handan við hornið, láglendisvegur og göng í gegnum Reynisfjall eru hluti af samvinnuverkefnum sem samþykkt voru á þinginu fyrir skemmstu, það styttist í framkvæmdir við nýja brú yfir Hornafjarðarljót, nýr Herjólfur siglir milli lands og Eyja að mestu leyti fyrir rafmagni, hafnabætur í Njarðvík, Þorlákshöfn og Höfn, það er kominn ljósleiðari upp á Kjöl og svo stendur yfir stórátak í að útrýma einbreiðum brúm sem eykur öryggi vegfarenda gríðarlega. Við höfum látið verkin tala þrátt fyrir heimsfaraldur.

Við sjáum til lands. Að baki eru fimmtán erfiðir mánuðir í baráttu við heimsfaraldur. Við höfum unnið saman, staðið saman sem flokkur, staðið saman sem þjóð, og þannig leyst erfið verkefni. Framundan er tími þar sem við þurfum að vinna saman úr þeim áföllum sem gengu yfir okkur árið 2020. Við þurfum að skapa at-



vinnu, skapa tækifæri, skapa samstöðu um framtíðina.

Ég vil hvetja allt Framsóknarfólk til að kjósa í prófkjöri flokksins í Suðurkjördæmi sem fer fram laugardaginn 19. júní. Nánari upplýsingar um kjörstaði og utankjörfundaratkvæðagreiðslu má finna á [Framsokn.is](http://Framsokn.is). Ég býð mig fram til áframhaldandi forystu fyrir Framsókn í kjördæminu. Framtíðin ræðst á miðjunni.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, [gpp@prentmetoddi.is](mailto:gpp@prentmetoddi.is).  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, [skh@prentmetoddi.is](mailto:skh@prentmetoddi.is).

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.  
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísngátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Til bardaga ég forðum fór.  
Framúr þér ég reyndi að tifa.  
Ég er fánafylking stór.  
Fjöllin reyni ég að klifa.

Svar við gátu í blaði 2601: Brauð  
1. lína: Presta-brauð - 2. lína: Matar/Kaffi-brauð  
3. lína: Daglegt-brauð - 4. lína: Krists-brauð

**82%**  
Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku\*

Nei 18%  
Já 82%

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

\*samkvæmt Gallup-könnun október-nóvember 2018

# Allt í blóma 2021 - Tónlistarhátíð í Lystigarðinum í Hveragerði

Í Blómabænum Hveragerði er allt að gerast um þessar mundir, ný mathöll rís, nýbúið að opna glæsilegan skála uppi í Reykjadal sem var vinsælasti Áningastaður íslendinga 2020, húsinn rjúka upp hvert á fætur öðru í Kambalandinu og í Lystigarðinum er að rísa glæsilegt útsvið. Með tilkomu þessa glæsilega útsviðs verður hægt að halda veglega tónleika og það er akkúrat það sem stendur til að gera. Helgina 19. til 20. júní nk. næstkomandi verða útitónleikar í hinum glæsilega Lystigarði í Hveragerði þar sem Garpar ehf. og fleiri góðir aðilar eru í óðaönn að reisa útsviðið. Það má leiða líkum að hér sé um að ræða fyrstu útitónleika þessa árs hið minnsta. Dagskráin sem boðið verður upp á dagana 19. og 20. júní næstkomandi verður heldur ekkert slor. Magnús Þór einn okkar fremsti lagasmíður, skáld, lífskúntner, boðberi sunnlendinga og svo miklu miklu meira, Stefán Hilmarrson kemur með fágun, glæsileika og stuð á þessa skemmtun eins og er hans von og vísa, Stefanía Svavars með einhver sterkustu raddbönd landsins, Lay Low þjóðlagamærin í Ölfusinu sem ferðast hefur um allan heim,

Hreimur Örn sem hefur átt vinsælasta lag síðastliðið ár og er nú með þjóðhátíðarlagið ásamt dóttur sinni 20 árum eftir að lífið er yndislegt kom út, Unnur Birna söng og fiðluleikari sem ferðast hefur um Evrópu og Bandaríkin með Jehro Tull og er eina kona landsins sem fær að vera í karlakór. Hún dregur systur sína með sér hana Dagnýju Höllu en þær systur eru þrælúsíkalskar enda eiga þær kyn til þess komnar af Bassa í Mánum og Siggu Birnu dóttur Guðjóns læknis, Valgeir Guð-

jónsson staðarskáld á Stokks-eyrabakka lætur sitt ekki eftir liggja og kemur bisperrtur með glænýtt lag í farteskinu. Þið haldið að þau verði ein en það er svo sannarlega ekki raunin, það verður valinn maður í hverju horni á bakvið þau, hljómsveitina skipa eftirfarandi; Pétur Valgarð Pétursson, Selþyssonurinn Vignir Þór Stefánsson, Rangæingurinn Óskar Þormarsson og Sigurgeir Skafti Flosason. Tónleikarnir hefjast kl. 20 bæði kvöldin. -SSF



## Sveitarfélagið Árborg gefur út fyrsta sjálfbærni skuldabréfið á Íslandi

Ítilkynningu frá Sveitarfélaginu Árborg kemur fram að sveitarfélagið hafi gefið út sjálfbærni skuldabréf (GBS) með auðkennið ARBO 31 GSB. Seld hafa verið skuldabréf í flokknum að fjárhæð 1.400 m.kr. að nafnvirði. Skuldabréfin voru seld í lokuðu útbóði á ávöxtunarkröfnum að fjárhæð 1.400 m.kr. að nafnvirði. Skuldabréfin voru seld í lokuðu útbóði á ávöxtunarkröfnum að fjárhæð 1.400 m.kr. að nafnvirði. Skuldabréfin voru seld í lokuðu útbóði á ávöxtunarkröfnum að fjárhæð 1.400 m.kr. að nafnvirði.

Sveitarfélagið Árborg er fyrsti útgefandinn til að gefa út sjálfbærni skuldabréf hér á landi til fjármögnunar á verkefnum sem hafa umhverfis og/eða félagslegan ávinning. Skuldabréfin eru gefin út í samræmi við Sjálfbærni-umgjörð Árborgar (e. Sustainable Finance Framework) sem lýsir nálgun sveitarfélagsins í sjálfbærri fjármögnun. Landsbankinn hf. hefur umsjón með útgáfu og sölu skuldabréfanna sem og töku þeirra til viðskipta á „sustainable bond“ markað Nasdaq á Íslandi.

Sjálfbærni-umgjörð Árborgar samræmist alþjóðlegum viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) og hefur hlotið óháða vottun (e. Second Party Opinion) frá Sustainalytics sem er leið-

andi viðurkenndur vottunaraðili í sjálfbærum fjármálum á heimsvísu. Umgjörðin byggir á áætlunum sveitarfélagsins í umhverfisvænni og félagslegri uppbyggingu.

Sveitarfélagið hefur frá árinu 2019 lagt áherslu á að vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (e. sustainable development goals, SDG). Þátttaka frá árinu 2019 í Framfaravog sveitarfélaga um samfélagslegar framfarir, sem starfar undir vottun SPI (Sustainable Progress Initiative), er liður í þessari vegferð, ásamt metnaðarfullri umhverfisstefnu Árborgar sem bæjarstjórn samþykkti á árinu 2020.

Vel heppnað skuldabréfaútbóði má þakka áherslum Árborgar á sjálfbærni og því að sjálfbærni-umgjörð með vottun Sustainalytics kemur þessum áherslum til skila til markaðarins með stöðluðum hætti. Sjálfbærni-umgjörðin og árangursrík skuldabréfaútgáfa hafa það í för með sér Svf. Árborg sér mikinn hag í að leggja enn þingri áherslur á viðmið um sjálfbærni, þegar kemur að forgangsroðun og vali á fjárfestingarverkefnum og við framkvæmd þeirra.



HÚSASMÍÐJAN

## FYRIR ÞIG

### Fáðu ráðgjöf

Allt um útimálningu, pallaolíu, pallahreinsun og almenna málningavinnu

Komdu og fáðu góð ráð hjá Gylfa

Gylfi Már Ágústsson, sölustjóri og málameistari veitir ráðgjöf um viðald á pallinum og allri almennri málningavinnu.





Kæru ættingjar og vinir.  
Þökkum hlýhug og vinsemd í okkar garð vegna fráfalls elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengd-föður, afa og langafa

**Jóns Finns Ólafssonar,**  
rafvirkjameistara,  
Árbakka 8, Selfossi.

Sérstakar þakkir færur við Sigurði Böðvarssyni lækni og starfsfólki HSU á Selfossi fyrir einstaka umönnun.

**Þórunna Ingólfssdóttir**  
Arndís Hildur Jónsdóttir Davíð Örn Ingvason  
Ingólfur Örn Jónsson Ása Valdis Árnadóttir  
Ólafur Þór Jónsson Bjarnfríður L. Guðsteinsdóttir  
Anna Þóra Jónsdóttir Aðalsteinn Tryggvason  
afabörn og langafabarn



## Ferðanefnd FEB Selfossi býður upp á Heiðmörkina og Garðabæ 29. júní 2021



Lagt af stað frá Grænumörk kl. 10 og ekið sem leið liggur í gegnum Rauðhóla og í Heiðmörkina niður að Elliðavatni - bújörðin er ekki til lengur en jörðinni fylgir mikil saga. Hádegisverður á glæsilega veitingastaðnum Sjálandi, Ránargrund 4, Garðabæ, sem er við Arnarnesvoginn (fiskur dagsins ásamt meðlæti). Kaffi drukkið síðar í Jónshúsi hjá FEB Garðabæ og eitthvað verður ekið um Garðabæinn.

Fararstjóri verður Laufey Jóhannsdóttir fyrrv. sveitastjóri með meiru, hún tekur á móti okkur við Elliðavatn og verður með okkur í mat og drykk.

Verð pr. mann er kr. 8.000, sem greiðist í rútunni.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega, fyrstir koma fyrstir fá.

Nefndin bendir á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og í Grænumörk 5 fyrir 22. júní.

Sirry - s. 863 7133 - sirry.gudmunds@gmail.com  
Helgi - s. 860 7032 - helgiherm@gmail.com  
Ingibjörg - s. 864 297 - ingibjostef@gmail.com

## Heimferðasett Dagnýjar - 3ji hluti

Hér birtum við þriðja og jafnframt lokahluta uppskriftarinnar að heimferðasetti fyrir unga dömu. Áður hafa birst uppskriftir að peysu/kápu og buxum og nú koma uppskriftir að hatt, sokkum og vettlingum. Til að þrjóna allt settið þarf 2 bleikar hespur og eina hvíta hespu af Fingering ullargarni frá Cascade.

**Efni:** Afgangar af garninu frá peysu og buxum, sokkaprjónar n. 3,0 eða crazy-trio prjónar (sem okkur finnast æðislegir). Prjónamerki.

Perluprjón er prjónað þannig að til skiptis eru prjónaðar 1 sl, 1 br, út umferðina, í næstu umferð er prjónað br yfir sl og sl yfir br. Við skammstöfum það hér pp.

### Vettlingar

Fitjið upp 30 l með sama lit og buxurnar, tengið í hring og prjónið pp alls 8 umferðir. Prjónið næstu umferð slétta og fækkið á henni jafnt yfir umferðina um 6 l (24 l eftir). Prjónið stroff, 1sl, 1br, alls 8 umferðir. Prjónið eina umferð slétta og aukið í henni um 2 l (26 l á prjónum). Prjónið nú 16 l sl, 7 l pp, 3 l sl, alls 22 umf.

Hér hefst úrtaka og er hún gerð í hverri umferð.

**1.umf:** Takið 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, prjónið 9 l sl, 2 l saman, 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, 1 sl, 7 l pp, 1 sl, 2 l saman.

**2.umf:** 1 l óprjónuð, steypið yfir næstu l, prjónið 7 l sl, 2 l saman, 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, 7 l pp, 2 l saman.

**3.umf:** 1 l óprjónuð, steypið yfir næstu l, prjónið 5 l sl, 2 l saman, 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, 5 l pp, 2 l saman.

**4.umf:** 1 l óprjónuð, steypið yfir næstu l, prjónið 3 l sl, 2 l saman, 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, 3 l pp, 2 l saman.

**5.umf:** Prjónið fyrstu l af prjóninum, prjónið síðustu lykkjuna af fyrri prjóni og steypið fyrri lykkjunnar yfir. Prjónið aðra lykkjuna af fremra prjóni, steypið fyrri lykkjunnar yfir. Prjónið næstu l af fyrri prjóni og steypið henni yfir. Haldið þannig áfram þar til búið er að fella allar lykkjurnar af (myndast beinn kantur).

### Sokkar

Þessir sokkar eru án hæls og er það gert til að þeir endist svolítið lengur enda þarf ungabarn vart á hælsmótun að halda.

Fitjið upp 30 l með sama lit og peysan. Tengid í hring og prjónið pp 8 umferðir. Prjónið 1 umferð slétta.

\*Prjónið 15 l stroff, 4 l sl, 7 pp, 4 sl.\* Prjónið þessa umferð áfram þar til sokkurinn mælist 12 sm frá uppfiti.

Hér hefst úrtaka og hún er gerð í hverri umferð, eins og á vettlingunum.

**1.umf:** Takið 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, prjónið 11 l sl, 2 l saman, 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, 2 sl, 7 l pp, 2 sl, 2 l saman.

**2.umf:** Takið 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, prjónið 9 l sl, 2 l saman, 1 l óprjónaða, steypið yfir næstu l, 1 sl, 7 l pp, 1 sl, 2 l saman.



Haldið þannig áfram þar til 5 l eru eftir á prjóninum, fellið þá af eins og í 5.umf á vettlingunum.

### Hattur

Fitjið upp 8 l með sama lit og peysan og tengið í hring. Prjónið 1 umf sl. Nú er aukið út, en það er gert í annarri hverri umferð, hin umferðin er alltaf prjónuð slétt.

Aukið út þannig: \*prjónið 1 l sl, aukið út\*, endurtakið \* \* út prjóninn. (16 l á prjónum). Næst þegar aukið er út eru 2 sl á milli útaukninga, svo 3 l, þá 4 l og svo framvegis þannig að alltaf fjölgar um 8 l þegar aukið er út.

Haldið þannig áfram þar til alls eru 72 l á prjóninum. Prjónið áfram án útaukninga \*3 umf sl með grunnlit, 1 umf sl með buxnalitnum\* endurtakið \* \* alls 5 sinnum. Prjónið 2 umf sl með grunnlit.

Þá er komið að barðinu, það er prjónað með perluprjóni. Í fyrstu umferðinni eru prjónaðar \*2 l, aukið út\* endurtakið \* \* út umferðina (alls 108 l á prjóninum). Í þriðju umferð er aukið út aftur en nú með 8 l millibili þannig að aukið er út fyrir framan 8. lykkju, lykkjan prjónuð og aukið strax aftur út, þannig getur perluprjónið haldist áfram (nú eiga að vera 135 l á prjóninum). Í fimmtu umferð er aukið enn einu sinni út en nú við 9 hverja l (165 l á prjóni)

Þegar komnar eru 8 umferðir pp er prjónuð 1 umf sl, skipt yfir á buxnalit og prjónuð 1 umf brugðin, fellið laust af með brugnum lykkjum (þannig verður kanturinn sem snýr að andliti sléttur).

Takið nú upp 12 lykkjur í innanverðum hattinum í síðustu umferð á undan barðinu, byrjið í 11 lykkju frá samskeytum (ábending: gott er að nota heklunál við að taka upp lykkjurnar). Prjónið fram og tilbaka alls 10 umf pp. Byrjið þá hverja umf á að prjóna 2 l saman og endurtakið það þar til 4 l eru á prjóninum.

Nú er gott að vera með stutta sokkaprjóna og prjóna slétt 4 l, ýta þeim til hægri á prjóninn og prjóna þær aftur sl, ýta til hægri og þannig áfram, þá myndast snúra sem ágætt er að miða við að sé 20 sm löng. Prjónið þá 2 og 2 l saman, slítið garnið frá og dragið í gegnum síðustu 2 l.

Gerid aðra eyrnahlíf eins í 11 lykkna fjarlægð frá samskeytum hinum megin.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir



## Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



# Útskriftarhátíð hjá Fræðslunetinu



Ragnhildur Gísladóttir með stúdentshúfuna.

Formlegu skólastarfi vorann-  
ar lauk með útskriftarhátíð  
á Hótel Selfossi fimmtudaginn  
3. júní sl. Þá útskrifuðust þeir  
sem hafa lokið einingabæru  
námi af einhverju tagi. Fimmtán  
námsmenn luku Menntastöðum  
og nýu námsmenn útskrifuðst  
af þjónustubrautum. Starfið í  
vetur hefur gengið vel og verið  
blómlegt þrátt fyrir hinn um-  
talaða faraldur. Starfsfólkið  
brást fljótt við og færði nám yfir  
í fjarnám þegar ekki var mög-  
legt að halda úti staðkennslu.  
Reyndar er stór hluti náms hjá  
Fræðslunetinu ávallt í fjar-  
kennslu svo af þessu sköpuðust  
engin vandræði, enda allir orðn-  
ir vel sjóaðir í krísustjórnun.  
Það er fróðlegt að skoða tölur  
yfir fjölda námsmanna okkar  
og kemur fjöldinn sem stund-  
ar nám eða nýtur ráðgjafar hjá  
Fræðslunetinu örugglega mörg-  
um á óvart, en alls voru það tæp-  
lega 1100 manns nú á vorönn.

Á útskriftarhátíðinni flutti  
Ragnhildur Gísladóttir stutta  
ræðu sem fulltrúi þeirra sem lok-  
ið hafa námi hjá Fræðslunetinu.  
Ragnhildur var valin fyrirmynd  
í námi fullorðinna á síðasta árs-  
fundi FA. Hún hefur staðið sig  
frábærlega og haldið ótrauð  
áfram námi og stundar nú nám  
í tölvunarfræði hjá HR. Ragn-  
hildur gaf leyfi til að birta hér  
styttu útgáfu af ræðunni:

„Fyrir þremur árum síðan út-  
skrifadist ég úr Menntastöðum.  
Það var upphafið að miklum  
breytingum hjá mér. Eftir út-  
skrift sótti ég um í háskólabrú

Keilis og er núna í námi í Há-  
skólanum í Reykjavík.

Ég var ekki á góðum stað í líf-  
inu þegar ég byrjaði í námi og ef  
einhver hefði sagt við mig að 3  
árum síðar myndi ég standa hér í  
pontu og halda ræðu þá hefði ég  
aldrei trúað því. En í dag langar  
míg samt að vera hvatning fyrir  
aðra sem ef til vill, eru í svipuð-  
um sporum og ég var.

Það stóð upphaflega bara til  
að klára Menntastöðir og ég átti  
ekki von á að það myndi ganga  
vel fyrir sig. Ég var búin að telja  
mér trú um að ég gæti til dæm-  
is ekki lært stærðfræði. Ég var  
næstum því hætt þegar ég átti að  
tala ensku fyrir framan bekkinn  
minn og var sannfærð um að  
danskann myndi verða til þess að  
ég myndi bara aldrei útskrifast.  
Ég yrði þessi nemi sem væri  
mörg ár að klára Menntastöðir.

Í upphafi námsins vorum við  
í bekknum spurð að því hvert  
við stefndum, mér fannst allir  
vera með skýr plön, nema ég...  
En mig dreyndi alltaf um að  
geta borið stúdentshúfu, sem  
tókst. Og það gerði ég.

Eftir mikla hvatningu frá  
Eydísi og Sólveigu hjá Fræðslu-  
netinu sótti ég um hjá Keili.  
Námsgrein sem hafði verið  
hindrun, eins og stærðfræði var  
það ekki lengur. Eftir Keili fór  
ég síðan í tölvunarfræði í HR  
þar sem í náminu er mikil stærð-  
fræði og mér finnst það æði.

Stundum vildi ég óska að ég  
hefði gert þetta fyrr, en þetta  
var bara rétti tíminn til að hefja  
þennan hluta af minni vegferð.  
Þarna var fólkið sem átti að  
hjálp mér, kenna mér, ögra og  
yta áfram.

Það gaf mér ótrúlegt sjálfs-  
öryggi og trú á sjálfa mig að  
ljúka Menntastöðum. Ég gat  
unnið með öðru fólki í hóp, ég  
gat hjálpað, ég þorði að spyrja  
spurninga og tjá mig. Ég gat  
lært! Ég þori að standa hér fyrir  
framan fullt af ókunnugu fólki  
og segja hluta af minni sögu,  
með von um að það hjálpi ein-  
hverjum. Ég er ekkert unglamb,  
en maður er aldrei of gamall til  
að láta drauma sína rætast.“



Útskriftarhópurinn í Menntastöðum.

**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944  
auglysingar@dfs.is

## Hátíðarhöld í Reykholti, Biskupstungum



Kl. 13:00 Hátíðarguðsþjónusta í Torfasteðakirkju

Séra Axel Á. Njarðvík þjónar og organisti er Jón Bjarnason.

Kl. 14:00 Skróðganga leggur af stað frá Bjarnabúð ásamt  
reiðmönnum og fornþilum.

Kl. 14:30 Hátíðarsamkoma sett í Aratungu.

Ávarp fjallkonu og ræða nýstúdents.

Andlitsmálun í enddyri Aratungu.

Utladyra verður ýmislegt til skemmtunar, hoppukastalar,  
líðakeppnir og leikir.

Kaffveitingar verða seldar í Aratungu eftir útleiki. Þær eru á  
vegum 10. bekkjar í Bláskógaskóla en þau eru að afla fjár fyrir  
útskriftarferð næsta vor.

Kl. 19:30 - 21:00 Sundlaugardiskóteik í Reykholtslaug.

Frítt í lauginu og allir velkomnir. Diskógestir fá ókeypis ís!

Hökkum til að sjá sem flesta

ÞJÓÐHÁTÍÐARNEFNDIN



# 17. JÚNÍ

### Hátíðardagskrá 17. júní á Selfossi - Frítt er á alla viðburði og afþreyingu á hátíðinni

#### 09:00 - 10:00 - MORGUN JÓGA

Ragnheiður Halstein hjá Yoga Sálir sér um morgun jóga við  
árþakkann fyrir neðan Hótel Selfoss

#### 10:00 - FÁNAR DREGNIR AÐ HÚNI

Fánar dregnir að húni af skátáfélaginu Fossbóum við Ráðhús  
Árborgar

#### 10:00 - 18:00 - FRÍTT Í SUND

Sundhöll Selfoss - Frítt í sund fyrir 17 ára og yngri

#### 10:00 - 16:00 - SELFOSSRÚTAN

Selfossrútan X-874 hefur áætlunarakstur  
um Selfoss. Sjá leiðarkort á Fésbókarsíðu svf. Árborg

#### 10:00 - 12:00 - KOMDU Á HESTBAK

Hestamannafélagið Sleipnir býður íbúum sveitarfélagsins á  
hestbak í Sleipnishöllinni

#### 11:00 - 11:30 - BJÖRGUNARSÝNING

Þjörgunarsýning hjá viðbragðsaðilum við  
Þjörgunarmiðstöðina á Selfossi, reykur, sírenur og læti á  
slaginu kl. 11 - mætið tímanlega

#### 13:00 - 16:00 - BÍLASÝNING 4 X 4

Bílasýning í Sigtúngarði hjá Ferðaklúbbnum 4x4 suðurl.deild

#### 13:30 - SKEMMTIGARÐUR

Hoppukastalar opna í Sigtúngarði

#### 13:30 - 16:00 - ANDLITSMÁLUN - SJOPPA

Frí andlitsmálun fyrir börnin og 17. júní sjoppan verður á  
sinum stað, blóður, sælgaeti oft. á vegum fimleikad. UMFS

#### 13:45 - HÁTÍÐARDAGSKRÁ Í SIGTÚNGARÐI

Ávarp fjallkonunnar  
Hátíðaræða frá fulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar

#### 14:00 - BARNADAGSKRÁ Í SIGTÚNGARÐI

Barnadagskrá í Sigtúngarðinum  
Villi Vísindamaður - Benedikt Búálftur og Didi - BMX Brós -  
Sprite Zero Klan

#### 15:00 - 17:00 - GLEÐJUMST OG MÁLUM

Listasmíða með Davíð Art fyrir börn á öllum aldri við  
Sundhöll Selfoss

#### 15:00 - TÓNLEIKAR Í TRYGGVAGARÐI

Tónleikar í Tryggvagarði  
GDRN ásamt hjómsveit - Sprite Zero Klan - Moskvit - Íris Anna  
Elvarsdóttir - oft.

#### 16:00 - 18:00 - DJ Í SUNDI

DJ þeytir skiftum í Sundhöll Selfoss

#### 19:30 - 21:30 - SIGLING Á ÖLFUSÁ

Þjörgunafélag Árborgar býður upp á siglingu í Ölfusá við  
Fagurgerði

#### 20:00 - 21:30 - KVÖLDVAKA ELDRI BORGARA

Kvöldskemmtun hjá félagi eldri borgara í Mörkinni  
Stefán Helgi Íslanús jr. ásamt Helga Má, leika og synja  
Sigurjón frá Skollagröf  
Félagar úr Harmonikkufélagi Selfoss mæta með nikkurnar  
Fjöldasöngur undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar pianol.  
Kynnir Valdimar Bragason  
Allir eldri borgarar velkomnir og frítt inn  
meðan húsrúm leyfir



Sveitarfélagið Árborg óskar íbúum gleðilegrar hátíðar.



**Boggugarðar**

- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

**Sólborg Ósk Kragh**  
**GARÐYRKJUFRÆÐINGUR**

Sími 895 2766  
solborgosk@gmail.com

Erum á Facebook

**Aðalsafnaðarfundur Eyrarbyggissóknar 2021**

Aðalsafnaðarfundur Eyrarbyggissóknar verður haldinn miðvikudaginn 16. júní kl. 20 í Eyrarbyggiskirkju. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

*Sóknarnefnd Eyrarbyggiskirkju*

**Sendibílar á Suðurlandi**

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

**Sveitarfélagið ÁRBORG**

**Umsóknir um beitar- og ræktunarlönd í Sveitarfélaginu Árborg**

Opnað hefur verið fyrir gátt til umsókna um beitar- og ræktunarlönd í sveitarfélaginu.

Umsóknir eru rafrænar og hægt að sækja um landspildurnar í gegnum „Mínar síður“ á vef Sveitarfélagsins Árborgar. Umsóknarfrestur er til 20. júní nk.

*Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar*

**Hér má finna reglur um land til beitar og ræktunar:**  
[https://www.arborg.is/media/reglur/Reglur-um-uthlutun-beitilond\\_samthykkt-utgafa.pdf](https://www.arborg.is/media/reglur/Reglur-um-uthlutun-beitilond_samthykkt-utgafa.pdf)

## Þetta verður í versta falli góð saga

**Gunna Stella**

La - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast,  
la - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast.

Svona hljómar upphafið að laginu ævintýri eftir Ómar Ragnarsson.

Já, lífið er svo sannarlega oft ævintýri, „en í versta falli góð saga,“ sagði ungur maður á dögnum. Eg gæti ekki verið meira sammála. Það er oft sem maður lendir í hinum ýmsu uppákomum og vandræðum sem eru kannski mis skemmtileg á meðan á þeim stendur en afar skrautleg saga eftir á.

Þegar dóttir okkar var á fermingarári ákváðum við hjónin að gefa henni það í gjöf að fara með okkur tveimur til Ísrael. Á þessum tíma flaug fjólubláa flugfélagið WOW air beint til Ísrael og okkur fannst kjörið tækifæri að fara með hana þangað og skoða um leið sögulegar slóðir. Á leið okkar út á flugvöll áttuðum við okkur á því að hvorugt okkar hafði tekið peningaveski með. Við vorum því ekki með debetkort, kreditkort né ökuskríteini. Við litum hvort á annað og áttuðum okkur á því að við stæðum mögulega frammi fyrir miklum veseni. Maðurinn minn sem er prestur greip í bjargráð sitt bænina og sagði eitthvað á þessa leið „Góði Guð, við erum í vandræðum núna, vilt sjá til þess að allt fari vel og að allt gangi upp með einhverjum hætti...“ Eftir bænina urðum við róleg yfir þessu og höfðum á tilfinningunni að þetta myndi reddast.

Sem betur fer var dóttir okkar með debetkort á þessum tíma sem virkaði í hraðbanka á Íslandi þannig að við gátum millifært á hana og tekið út pening á flugvellinum. Við lögðum því af stað í þessa ferð með seðlabúnt í túristaveski

og bjartsýnina og bænina í farteskinu. Þegar við lendum í Ísrael gerðum við heiðarlega tilraun til að ganga frá leigu á bílaleigubíl sem við höfðum pantað. Eðlilega vildi bílaleigan ekki leigja okkur bíl, okkur útlendingunum sem hvorki vorum með ökuskríteini á okkur né kreditkort. Við tókum því næsta



leigubíl og héldum af stað til Jerúsalem. Sem betur fer gátum við borgað gistingarnar sem við áttum eftir að borga með reiðufé og tóku þeir gististaðir vegabréfið okkar gott og gilt sem persónuskilríki. Vandinn jókst þegar við vissum að við áttum að fara að Dauða hafinu þar sem við höfðum pantað gistingu. Í millitíðinni hittum við góðkunningja mannsins míns sem var kennari í Palestínu. Hann tilkynnti okkur að hann ætti bíl sem

hann þyrfti ekkert að nota næstu daga og við mættum því fá hann lánaðan. Þetta bjargaði algjörlega okkar plönnum og við keyrðum um landið, sæl og glöð á miðaldra rauðum eldri Volkswagen Golf.

Það að ferðast til annars lands án kreditkorts og ökuskríteinis er ekki eitthvað sem ég myndi mæla með en ég trúi því að bænin hafi svo sannarlega virkað í þetta sinn. Ferðin var skrautleg en afar eftirminnileg og góð. Eins og ungi maðurinn sagði í vikunni: „Þetta verður ævintýri, í versta falli góð saga“.

Ég trúi því og ég vona að þessi saga verði hvatning til þín kæri lesandi. Ekki hafa of miklar áhyggjur. Hlutirnir hafa tilhneigingu til að fara vel að lokum! Þetta verður allt í lagi því mundu la - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast.

*Kærleikskveðja,  
Gunna Stella*

Panta tíma í ráðgjöf og/eða heilsumarkþjálfun - [www.gunnastella.is](http://www.gunnastella.is) - Hlaðvarp: Einfaldara líf



## Opnað inn í Landmannalaugar liðna helgi

Síðustu helgi, laugardaginn 12. júní sl. var opnað inn í Landmannalaugar um veg 208. landverðir og skálaverðir voru mættir til starfa við undirbúning að opnun svæðisins nokkrum dögum áður. Vegur F208 um Fjallabak nyrðra og vegur F225 um Dómadal verða áfram lokaðir og staðan tekin á þeim í vikunni. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að náttúran á há-

lendinu er viðkvæm á þessum árstíma þar sem gróður er að vakna til lífsins og frost að fara úr jörðu. „Það er því mikilvægt að ganga einungis á göngustígum þar sem þeir eru til staðar og hlífa gróðri fyrir öllu traðki. Nokkrar gönguleiðir eru lokaðar tímabundið á Landmannalaugarsvæðinu þar sem er mikil aurbleyta. Þetta eru m.a. gönguleiðir á Suðurnámur og um Vondugiljaugar.“

## Á 170 á Suðurlandsvegi við Bolaöldur

Í dagbókum lögreglu er því lítið að finna fjölda ökumanna sem aka yfir leyfilegum hámarks hraða. Fjórir ökumenn voru kærðir fyrir að nota farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiðar sinnar í umdæminu í liðinni viku. Fjörutíu aðrir voru kærðir fyrir að aka of hratt, af þeim eru 10 sem aka hraðar en á 130 km/klst. Einn þeirra mældist á 169 km/klst hraða á Suðurlandsvegi til móts við Bolaöldu vestan Hellsheiðar þar sem leyfður hámarks hraði er 90 km/klst. Hann situr uppi með þriggja mánaða sviptingu og sekt upp á 250 þúsund krónur. Til fróðleiks þá fer bifreið sem ekið er með 130 km/klst hraða rúmlega 36 metra á sekúndu og bifreið sem ekið er með 169 km/klst hraða fer tæplega 47 metra á sekúndu. Ljóst er að ekki má margt út af bregða til að slíkur akstur endi ekki með ósköpum.





## Frisbígolfvöllurinn á Selfossi endurgerður

Síðast liðnar vikur hefur Frisbígolfvöllurinn við Gesthús á Selfossi verið í endurgerður og m.a. hefur upphafsstaðurinn verið færður að sleðabrekkunni við Stóra hól.

Frisbígolfvöllurinn á Selfossi er 18 holur og samhlíða endurgerðinni hefur verið bætt við upphafsteigum með gervi-

grasi, nýjar teigamerkingar og nýtt kort af brautinni kemur upp á næstu dögum. Framkvæmdum við völlinn er ekki lokið en hann er þó opin öllum til að spila.

Aðgengi að vellinum er gott og er hægt að leggja á malarsvæði fyrir neðan Stóra-hól.



## Þetta með staðreyndirnar

Þessi grein er svar við grein sem birtist í Dagskránni þann 27. maí undir yfirskriftinni, sem meirihlutinn í Árborg skrifaði.

### Tölum um staðreyndir og förum rétt með

Rökstuðningur þeirra er alveg með ólíkindum og varla svara verður. Enda fór minnihlutinn með rétt mál í grein sinni hvað reksturinn á A hlutanum varðar. Núverandi meirihluti samþykkti þennan ársreikning þann 12. maí síðastliðinn og hann varð til í þeirra óstjórn og stjórnleysi. Eins og glögglega má sjá í ársreikningnum hefur meirihlutinn ekki gætt hófs í fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

Enda höfum við bent á þetta allan tímann með skrifum í blöð og í bókunum á bæjarstjórnarfundum við lítinn orðstír. Allar tölur sem um ræðir eru teknar upp úr ársreikningnum og það er óskiljanlegt að nefna það í greininni að við förum með rangt mál þegar einungis um staðreyndir er að ræða. Í svari þeirra var ekkert minnst á það sem skiptir máli hvað ársreikninginn varðar.

Markmiðið var aðeins að sverta okkar málflutning með rögburði og dónaskap, sem er sú háttsemi sem meirihlutinn hefur sýnt af sér allt kjörtímabilið. Þau tala síðan um virðingu og vinsemd, að við séum að þyrlla upp ryki með þessum skrifum okkar. Að upplýsingar okkar til íbúa Árborgar séu rangar og villandi.

En til að fólk átti sig á stöðunni, þá er hún í raun mjög slæm. Staðreyndirnar tala sínu máli ef farið er inn á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar og umræddur ársreikningur er skoðaður. Þar sést svart á hvítu hver fer með lygi og gefur rangar og villandi upplýsingar til íbúa í þessu máli.

Íbúar Árborgar verða að skilja að það er ekki hægt að skuldsetja sveitarfélagið endalaust, fyrr eða síðar kemur að skuldadögum. Það þarf að borga óráðsiuna sem hefur einkennt þennan meirihluta allt kjörtímabilið, við Sjálfstæðismenn þekkjum það.

Þessi staða er verri núna en þegar við tókum við árið 2010 með skuldahlutfallið 206%, og sveitarfélagið á gjörgæslu eftirlitsnefndar Sveitafélaga.

Ef notaðir væru sömu útreikningar nú væri skuldahlutfallið orðið enn hærra. Það stefnir allt í að skerða þurfi þjónustu og hækka fasteignagjöld og útsvar. Er þetta það sem fólk vill, það höldum við ekki. PS: staðan á 4 mánaða uppgjöri bæjarsjóðs sýnir 1030 milljónir í rekstrahalla á A hluta sem þýða að lántökur eru óhjákvæmlegar til að fjármagna hallann.

Sumarkveðja,  
Bæjafultrúar D listans  
Gunnar Egilsson  
Brynhildur Jónsdóttir  
Kjartan Björnsson  
Ari Björn Thorarinsen

# LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir  
Löggiltur Fasteignasali  
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson  
Hdl.  
Löggiltur Fasteignasali  
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson  
Aðstoðarm. fasteignasala,  
í löggildingarnámi  
hp@domusnova.is  
Sími: 772 9970

## DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

## STAÐA LEIKSKÓLASTJÓRA Í UNDRALANDI Á FLÚÐUM



Í Hrunamannahreppi er laus staða leiksskólastjóra leikskólans Undralands. Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum.

Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.

### Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Fagleg forysta og forysta í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 40-47 nemendur í þremur deildum.

Sjá nánar á <http://www.undraland.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 800 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfssemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf. Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stoðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum. Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlu á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla. Möguleiki er á að útvega leiguíbúð fyrir leikskólastjóra.

Umsóknarfrestur er til 23. júní nk. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst nk. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknnum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480 6600 eða á netfangið [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is).

# Íþróttir

## Afhroð gegn Fram

**KNATTSPYRNA** Selfyssingar steinláu fyrir Fram þegar liðin mættust á JÁVERK-vellinum í seinustu viku.

Fram komst yfir eftir rúmlega tíu mínútna leik og eftir það sáu heimamenn aldrei til sólar í leiknum. Mörkin komu hvert af öðru og enduðu leikar 0-4, toppliðinu í vil. Þrátt fyrir óhagstæð úrslit sköpuðu Selfyssingar sér nokkur fín færi í leiknum en boltinn vildi ekki yfir línuna.

Selfoss er í næstneðsta sæti Lengjudeildarinnar með 4 stig. Næsti leikur er afar mikilvægur í botnbarátunni en liðið mætir Aftureldingu í Mosfellsbæ þann 18. júní kl. 19:15. *UMFS/ahm*



Adam Örn Sveinbjörnsson og félagar hans í varnarlínu Selfoss áttu við ramm-an reip að draga í leiknum gegn Fram. Ljósmynd: Umf. Selfoss

## Svavar Vignisson nýr þjálfari meistaraflokks kvenna

**HANDBOLTI** Eyjamaðurinn Svavar Vignisson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna. Svavar, sem er 48 ára gamall, hefur bæði spilað með og þjálfað ÍBV. Hann var leikmaður liðsins frá 1990-2006 með tveggja ára viðkomu á meginlandinu, í FH. Hann þjálfaði meistaraflokk ÍBV karla frá 2008-2010 og meistaraflokk kvenna frá 2010-2015.

„Ég er mjög spenntur að taka þjálfaraskóna af hillunni og vinna með faglegu teymi á Selfossi. Selfoss hefur sýnt að þau kunna að búa til frábært handboltafólk bæði karla- og kvennamegin og vonandi tekst okkur teyminu að byggja á því góða starfi sem verið hefur á Selfossi.“

Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð með þessa ráðningu á Svavari og bindur



Svavar (t.v.) og Þórir Haraldsson handsala ráðninguna. Ljósmynd: UMFS.

miklar vonir við að hann verði mikilvægur hluti af áframhaldandi uppbyggingu kvenna-handbolta á Selfossi. Rúnar Hjálmarsson mun halda áfram sem aðstoðarþjálfari liðsins líkt og undanfarin ár, ásamt því að vera styrktarþjálfari liðsins. Um

leið þakkar handknattleiksdeildin Erni Þrastarsyni, fráfarandi þjálfara, fyrir gott starf í þeirri uppbyggingu sem staðið hefur yfir. Örn mun snúa sér að öðrum störfum innan deildarinnar. *Stjórn handknattleiksdeildar Umf. Selfoss*

## Minningarmót um Magnús Arnar

**FIMLEIKAR** Fimleikadeild Selfoss heldur árlega minningarmót um Magnús Arnar Garðarsson. Vegna samkomutakmarkanna var ákveðið að skipta iðkendum deildarinnar upp í þrjá aldurshópa og halda uppskeruhátíð í formi æfingar með breyttu sniði í Baulu, æfingahúsnæði fimleikadeildarinnar. Æfingarnar einkenndust af leik og gleði.

Á uppskeruhátíð elstu iðkenda deildarinnar fór fram verðlaunaafhending þar sem tilkynnt var um val á fimleikamanni og fimleikakonu ársins auk þess sem verðlaun voru veitt fyrir framför og ástundun, efnilegasta



Verðlaunahafar á minningarmóti. Efri röð f.v. Axel, Bjarni Már, Daniel Már og Evar Kári. Neðri röð f.v. Ása Kristín, Karólína Helga og Hekla María Oddsdóttir. Ljósmyndir: Umf. Selfoss.

unglinginn, féлага ársins og lið ársins.

Sjá nánar um verðlaunahafa á selfoss.net.



Sigurlíð Selfoss á aldursflokkamóti.

## Íslandsmet sett á aldursflokkamóti HSK

**FRJÁLSAR** Héraðsleikar HSK og aldursflokkamót HSK fóru fram á Selfossvelli á tveimur kvöldum í síðustu viku og er þetta í fyrsta sinn sem mótin eru haldin í miðri viku. Samtals tóku 130 keppendur þátt í mótunum.

Eitt Íslandsmet var sett á mótiinu. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson úr Umf. Selfoss bætti nýu ára gamalt met Styrmis Dan Steinunnarsonar í spjótkastrí í 13 ára flokki um tæpan meter þegar hann kastaði 51,11 metra. Þetta er að sjálfsögðu HSK met líka í hans flokki.

Fleiri HSK met voru sett á mótiinu, en tvíburarnir frá Selfossi, þau Þórhildur Lilja og Þorvaldur Gauti Hafsteinsbörn settu samtals 11 met í 600 metra hlaupi. Þorvaldur setti met í 14 ára flokki og upp í karlaflokk, hljóp á 1;35,86 mín. og bætti fimm ára gamalt met Dags Fannars Einarssonar um 0,37 sek. Þórhildur Lilja hljóp á 1;46,87 mín. og bætti HSK metið í fimm flokkum. Harpa Svansdóttir átti

gamla metið, 1;48,19 sett árið 2012.

Á héraðsleikunum var ekki keppt um sæti og fengu allir jafna viðurkenningu í lok móts. Í stigakeppni féлага á aldursflokkamótiinu unnu Selfyssingar öruggan sigur, fengu samtals 526 stig. Sameiginlegt lið Garps og Heklu varð í öðru sæti með 191 stig og Þjótandi varð í þriðja sæti með 109 stig.

Heildarúrslit mótsins eru á [www.fri.is](http://www.fri.is) og fleiri myndir eru á [www.hsk.is](http://www.hsk.is).



Hjálmar Vilhelm setti Íslandsmet í spjótkastrí.



Stelpurnar á yngri ári í 6. flokki tryggðu sér Íslandsmeistaratiðilinn í handbolta með því að vinna alla sína leiki á lokamóti tímabilsins sem fram fór á Akureyri fyrstu helgina í júní. Athyglisvert er að einungis tvær stelpur í 6. flokki en hinar fimm eru allar ennþá í 7. flokki. Liðið er einnig deildarmeistari en það vann þrjú af fjórum Íslandsmótum í vetur og tapaði aðeins einum leik á tímabilinu. Umf. Selfoss/ggs Ljósmynd: Umf. Selfoss.

## Tillögur stjórnar Veidifélags Árnesinga samþykktar

Samþykktar voru tillögur Stjórnar Veidifélags Árnesinga um að veiða næstu 6 ár í net og á stöng. Esther Guðjónsdóttir Sólheimum var kjörin fyrst kvenna í stjórn Veidifélags Árnesinga. Þá var Árni Þorvaldsson á Bilðsfelli kjörinn nýr inn í stjórn.

Nýtingaráætlun fyrir svæði Veidifélags Árnesinga var samþykkt til næstu fimm ára 2022-2026. Tveir voru á móti. Í henni er byggt á seiðapétteleika við veiðistjórnun. Þá er von til þess að aukin friðun skili aukinni fiskgengd.

## Mikið um að vera hjá Íþróttafélaginu Dímon

DÍMON Íþróttastarfið blómstrar nú í sumarbyrjun þegar loksins má fara að hittast, æfa og keppa aftur og Dímon lætur ekki sitt eftir liggja. Undanfarnar vikur hafa iðkendur félagsins sótt mót í fimleikum, frjálsum og sundi auk þess sem haldnar voru körfuboltaþúðir á Hvolsvelli um nýliðna helgi. Leikjanámsskeiðin eru líka í fullum gangi og sumaræfingar í fimleikum og frjálsum. Hér má sjá í máli og myndum árangur Dímonar á HSK móti í frjálsum, Íslandsmóti í fimleikum og myndir frá körfuboltaþúðunum. Í næstu viku sendum við fréttir af HSK móti í sundi.

### Frjálsum

Aldursflokkamót HSK var haldið á Selfossi 8. og 9. júní síðastliðinn og átti Íþróttafélagið Dímon 3 keppendur. Ívar Ylur Birkisson var HSK meistari í 80m grindahlaupi á 13,17 sek og auk þess vann hann silfur í hástökki með 1,45 m í flokki 13 ára piltar. Þórunn Eyland Gunnarsdóttir náði sér í silfurverlaun bæði í 600 m hlaupi og langstökki í flokki 11 ára stúlkna og Katrín Eyland Gunnarsdóttir var svo rétt við verðlaun en hún hafnaði í 4. sæti bæði í 100m og 600m hlaupum.

Þessir krakkar stefna svo á frekari bætingar en Meistarasmót Íslands 11-14 ára er haldið á Egilsstöðum um næstu helgi.

### Fimleikar

Íslandsmót Fimleikasambands Íslands í stökkfimi var haldið um hvítasunnuhelgina. Frá Dímon fóru 11 stúlkur í tveimur liðum, eitt lið í 5. flokki stúlkna og eitt í 4. flokki stúlkna. Stelpurnar stóðu sig vel og landaði liðið í 4. flokki Íslandsmeistara-

titli með glæsilegum árangri. Einnig tóku 3 stúlkur frá Dímon þátt undir merkjum Umf. Heklu en félagið er í samstarfi við þau með eldri flokka. Þeirra hópur stóð efstur í flokki 2b.

### Körfubolti

Sú var tíðin að hér í Rangárvallasýslu voru mjög öflug körfuboltafélög sem áttu farsælu gengi að fagna á mótum. Um nokkurra ára skeið hafa körfuboltaæfingar legið að mestu niðri hjá Dímon en þegar félagið frétti af auknum áhuga hjá unglingunum okkar, og nú í vetur einnig yngri iðkendum, var farið aftur af stað og hefur félagið haldið úti æfingum síðustu tvo vetur og nú er stefnt aftur á keppnisvöllinn.

Til að undirbúa jarðveginn voru haldnar skemmtilegar körfuboltaþúðir í Íþróttahúsinu á Hvolsvelli núna um nýliðna helgi 9.- 11. júní og tóku 10 börn þátt. Stefnt er á að halda þúðirnar árlega. Það var líf og fjör og gaman að sjá hvað við eigum mörg efnileg körfuboltaþúðir. Námskeiðinu lauk með pylsuveislu sem þjálfararnir og bræðurnir Sigurður Kristján Jenson og Halldór Geir Jenson stóðu fyrir. Einn efnilegur iðkandi í körfunni hjá Dímon, Ívar Ylur Birkisson, fékk einnig boð í Úrvalsþúðir KKÍ og sótti fyrri hluta þeirra um liðna helgi.



## Einn Íslandsmeistaratitill á MÍ aðalhluta

FRJÁLUM HSK/Selfoss átti nýu keppendur á MÍ aðalhluta sem fór fram á Akureyri um helgina. Um var að ræða ungt og efnilegt lið sem náði ágætum árangri.

Eva María Baldursdóttir varð Íslandsmeistari í hástökki kvenna, stökk 1,65 m í blautu og köldu veðri, en Eva á best 1,81 m í greininni frá því í fyrra.

Veigar Þór Víðisson og Guðlaug Birta Davíðsdóttir komust bæði í úrslit í langstökki, Veigar lenti í 4. sæti í langstökki karla, stökk 5,77 m og Guðlaug Birta lenti í 9. sæti í langstökki kvenna, stökk 4,51 m.

Kastarar liðsins gerðu það gott. Sebastian Þór Bjarnason komst í úrslit í kringlukasti, kastaði 41,98 m, sem er bæting og dugði honum til 5.sætis. Viktor Karl Halldórsson lenti í 4.sæti í spjótkastrí karla, kastaði 56,46 m. Álfrún Diljá Kristínardóttir og Árbjörg Sunna Markúsdóttir kepptu báðar í úrslitum í kúluvarpi, Álfrún kastaði 9,15 m, bætti sig og lenti í 5. sæti, Árbjörg kastaði 9,01 m, bætti sig og lenti í 6. sæti. Í kringlukasti kvenna kepptu þær Álfrún og Árbjörg einnig, Árbjörg Sunna komst þar í úrslit, lenti í 7. sæti með kast upp á 25,26 m sem er einnig bæting.



Álfrún Diljá bætti sig síðan vel í sleggjukasti kvenna, kastaði 37,44 m og lenti í 4. sæti. Árangur Álfrúnar í sleggjukasti er einnig HSK-met í flokkum 15 ára og 16-17 ára. Álfrún átti sjálf gamla metið í 15 ára flokki átti Thelma Björk Einarsdóttir, 35,30 m.

## Laust starf kennara í ensku

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir eftir 100% stöðu enskukennara til eins árs.



### Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennarinn ber ábyrgð á undirbúningi kennslu, kennslu og námsmati í greininni.
- Áhersla er á að skapa hvetjandi námsumhverfi.
- Tekur þátt í faglegu samstarfi, tileinkar sér nýjungar og sinnir starfsþróun.
- Mikil áhersla er lögð á þétt og mikið samstarf meðal kennara.
- Situr kennarafundi og vinnur önnur störf sem honum eru falin og samrýmast gildandi kjarasamningum, lögum og reglugerðum.
- Fylgist með og skráir mætingu nemenda sinna.

### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun í ensku.
- Leyfisbréf sem veitir rétt til að nota starfsheitið kennari sbr. lög nr. 95/2019.
- Kennslureynsla æskileg.
- Faglegur metnaður, frumkvæði, öguð vinnubrögð og jákvætt hugarfar.
- Mjög góð hæfni í samskiptum og ríkur samstarfsvilji.

### Almennar upplýsingar

FSU er framsækinn og metnaðarfullur framhaldsskóli sem hefur gildin – Fjölbreypni, sköpun og upplýsing í hávegum. Nemendur skólans koma víðsvegar að landinu.

Námsframboð er fjölbreytt; bóknám, verknám, listnám, matreiðsla, textílnám, íþróttir, auk náms á hestabraut. FSU gegnir mikilvægu hlutverki í nærsamfélagi skólans, starfsandinn er góður með metnaðarfullan og öflugan mannauð.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert. Tekið er mið af jafnréttisáætlun FSU við ráðningu í störf við skólann og eru öll kyn hvött til að sækja um.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi, afriti af prófskírteinum og leyfisbréfi kennara.

Tilgreina skal meðmælendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Umsókn skal senda á skolameistari@fsu.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2021.

### Nánari upplýsingar veitir:

Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari – skolameistari@fsu.is, 699 2125.

Á www.fsu.is er að finna allar helstu upplýsingar um skólann.

# Spæjarabema á miðstigi í Vallaskóla

Fimmtudaginn 3. júní sl. ríkti heldur betur ástand í Vallaskóla þegar nemendur mættu til skóla að morgni dags. Búið var að ræna skólustjóranum og verkefni 5. og 6. bekkja var að leysa þá ráðgátu. Nemendur settu sig í spæjaragírinn, öfluðu sönnunargagna og vísbendinga og leystu saman ýmsar þrautir. Með mikilli samvinnu, þrautseigju og þrautalausnum tókst nemendum að finna sökudólginn og hvar

hann hélt skólustjóranum föngum. Sakleysinginn hann Andri, kokkurinn okkar í mötuneytinu, reyndist vera sá seki. Fyrir að leysa verkefni dagsins fengu nemendur að launum íspinna (hjá Andra auðvitað). Virkilega skemmtilegt og vel heppnað þemaverkefni sem nemendur höfðu reglulega gaman að.

*Sumarkveðja frá starfsfólki 5. og 6. bekkjar Vallaskóla.*



# Samkeppnishæf á alþjóðamarkaði

Nýsköpun stuðlar að framförum með nýjum hugmyndum, verklagi eða upp-götvunum. Nýsköpun er mikilvægur þáttur í allri framþróun, í samkeppni og að fyrirtæki hér á landi myndi sér sérstöðu gagnvart fyrirtækjum á alþjóðamörkuðum.

Stjórnvöld hafa gert ágætlega hingað til og er nýsköpunarumhverfið á Íslandi nokkuð gott. Hægt er að sækja um í fjölmarga sjóði sem styðja við nýsköpun, bæði innlenda sem og Evrópska sjóði. Til að mynda heldur Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) utan um marga af þessum sjóðum. Þar má meðal annars nefna að hægt er að leggja inn umsókn um skattafrádrátt vegna rannsóknar- og þróunarverkefna en einnig heldur Rannís utan um tækniþróunarsjóðina sem sem margir þekkja.

Árið 2019 var mótuð nýsköpunarstefna sem er ætlað að gera Ísland betur í stakk búið til að mæta áskorunum framtíðarinnar og byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna

nýsköpun á öllum sviðum. Stefnunni er ætlað að marka sýn fyrir Ísland til ársins 2030 og í henni er sett fram það markmið að árið 2030 verði Ísland fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis og jafnra tækifæra auk þess sem Ísland verði í fremst meðal jafningja þegar borin eru saman lífsgæði og hamingja. Það er ávallt af hinu góða þegar slíkar stefnur eru settar og þeim þarf að framfylgja og það þarf að fjármagna þær. Því þegar liðið er á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og það borið saman við starfsumhverfi fyrirtækja í öðrum löndum þá kemur í ljós að, framleiðsluþættir íslenskra fyrirtækja er almennt hærra en annarsstaðar. Til þess að innlend fyrirtæki geti verið samkeppnishæf á alþjóðamörkuðum þurfum við að tryggja þeim hlutfallslega yfirburði á einhverjum sviðum gagnvart öðrum mörkuðum.

Með öflugri nýsköpunarstefnu og stöðugri framfylgni hennar er hægt að tryggja markvissa og skilvirka framþróun í landinu. Þannig er hægt að hlúa

**Hafís Hrönn Hafsteinsdóttir**

Lögfræðingur og framhjódandi í 3. sæti í prófkjöri Framsóknar í Suðurkjördæmi



að samkeppnishæfni fyrirtækja við önnur lönd. Sem dæmi þá getum við verið of íhaldssöm þegar kemur að breytingu á lögum og reglugerðum. Lög og reglugerðir sem voru settar og standast ekki þá framþróun sem á sér stað erlendis. Það er því mín skoðun, að við sem 375.000 manna þjóð eigum að geta haft hlutfallslega yfirburði gagnvart öðrum ríkjum þegar kemur að; a) lagasetningu og bættu regluverki, b) með því að gera skattkerfið skilvirkara og meira hvetjandi í þágu framþróunar og c) með skilvirkari stjórnsýslu sem stuðlar að og liðkar fyrir nýsköpun.

Klárur dæmið og blásur til sóknar!

# Fjórar sýningar spennandi sýningar í Listasafni Árnesinga


Það var mikið um að vera í Listasafni Árnesinga þegar að fjórar sýningar opnuðu á sama tíma. Þetta voru sýningar Arnar Róska - Áhrif og andagift, Iðustreymi, Yfirtaka og pop-up sýningin Hvítur.

Sýningarnar voru hugarefni Kristínar Scheving safnstjóra sem fyrir rúmu ári síðan byrjaði að skipuleggja sýningarnar og var útgangspunkturinn lista-

konan Róska. Hún fékk fljótlega með sér listfræðinginn Ástríði Magnúsdóttur til að vinna með sér þar sem Ástríður hafði rannsakað líf og list Róska. Fyrir ári síðan (á milli covid-stoppa) voru skipulagðar vinnustofuheimsóknir og sýningarnar mótuðust smám saman og eru nú opnar út sumarið. Anna Kolfinna kom og hitti Kristínu og sá hún þá að Yfirtakan hennar myndi smell-

passa í heildarmyndina og urðu þá til þessar þrjár sýningar undir einum hatti þar sem kvenorkan ræður ríkjum.

„Svo er einnig áhugavert að sjá 40 ára afmælisýningu Leirlistafélags Íslands þar sem einnig mynduðust óvæntir þræðir. Safnið er opið alla daga frá 12-17 og við hvetjum Sunnlendinga að kíkja við hjá okkur,“ segir Kristín Scheving safnstjóri LÁ.



# dagar

**DAGAR HF. LEITA EFTIR STARFSFÓLKI**

Leitum eftir starfsfólki á Árborgarsvæðinu.

Spennandi verkefni framundan, dagvinna, kvöld- og helgarvinna og vaktavinna í boði.

**Hæfniskröfur:**

- Vera áreiðanlegt, vinnusamt og lausnamiðað.
- Vera jákvætt og hafa ríka þjónustulund.

Áhugasamir verða að hafa hreint sakavottorð, náð 18 ára aldri og tala íslensku og/eða ensku.

Umsóknir berist á netfangið [olof@dagar.is](mailto:olof@dagar.is).

## Rafskútuleiga hefur verið opnuð í Hveragerði

Rekstur á rafskútum hefur nú hafist í Hveragerði en 40 rafskútum hefur verið komið fyrir í bæjarfélaginu. eru þær á vegum HOPP sem einnig rekur rafskútuleigu í Reykjavík. Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi voru fyrstar til að fara prufuferð um bæjarfélagið og voru þær himinlifandi með ferðina og töldu engan vafa á því að þessi ferðamáti myndi nýtast mörgum í bæjarfélaginu, bæði íbúum og gestum bæjarins.

Hopp ehf er alíslenskt fyrirtæki sem býður upp á þjónustu þar sem hægt er að leigja rafskútur innan ákveðins þjónustusvæðis. Notendur aflæsa rafskútunum með appi og geta síðan keyrt um á þeim gegn vægu gjaldi. Þegar ferðinni er lokið er hægt að leggja rafskútunni hvar sem er innan þjónustusvæðis. Þjónustusvæðið þekur allt Hveragerði og einnig verður hægt að fara á rafskútunum upp í Hamarshöll og inn að Árhólum (bílastæði við Reykjadal). Appið er fánlegt bæði fyrir Android og iPhone og er mjög auðvelt í uppsetningu. Rafskúturnar eru með hámarkshraða upp á 25km/klst og komast hátt í 35km á einni hleðslu.

Líkt og í Reykjavík mun Hopp í Hveragerði sjá til þess að þjónustan gagnist heimamön-



um fyrst og fremst. Markmiðið er að bjóða einstaklingum upp á umhverfisvænan, ódýran og handhægan ferðamáta til þess að komast leiðar sinnar á svæðinu. Það mun kosta 100 kr. að aflæsa rafskútunum og svo 30 kr. hver mínúta í leigu þar á eftir. 5 mínútna ferð mun því kosta 250 kr. Einnig er hægt að setja rafskútuna í „pásu“ og kostar þá mínútan aðeins 20 kr.

Forsvarsmenn HOPP vilja bjóða notendur þjónustunnar um að fara varlega og fylgja umferðarlögum. Einnig er mælt eindregið með því að fólk noti hjálma á meðan hoppað er um götur bæjarins. Í appinu eru nákvæmar leiðbeiningar og not-

endaskilmálar um hvernig á að nota þjónustuna og hvar er leyflegt að hoppa. Við uppsetningu á appinu eru notendum kennt hvernig á að leggja rafskútunum að ferð lokinni þannig að þær verði ekki í vegi fyrir öðrum vegfarendur.

Sigurgeir Skafti Flosason sér um rekstur á rafskútunum í Hveragerði og að hans sögn munu nýir notendur sem sækja appið fá fyrstu tvær ferðir sínar ókeypis, fyrst um sinn. Það er von bæjaryfirvalda og HOPP að þjónusta verði kærkomin viðbót við litríka og skemmtilega bæjarlíf þetta á Hveragerði.

## Er hugmyndin um sveiflukennða íslenska ferðapjónustu orðin mýta?

Niðurstöður úr nýrri skýrslu frá Ferðamálastofu, sem unnin var af Jóhanni Viðari Ívarssyni bendir til þess að verulega hafi dregið úr árstíðasveiflu í íslensku ferðapjónustu síðasta áratug. Ísland hefur á sama tíma farið frá því að vera það Norðurlandanna sem er með mesta árstíðasveiflu, til þess að vera það næststöðugasta. Þá er árstíðasveiflan hér á líku röli og í mörgum Evrópulöndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Má í raun segja að hugmyndin um hina sveiflukennðu íslensku ferðapjónustu sé nú orðin mýta, a.m.k. í samanburði við næstu þjóðir. Ágætur árangur hefur náðst í öllum landshlutum við að minnka árstíðasveifluna en hún er minnst á höfuðborgarsvæðinu og mest á Austurlandi.

### Næststöðugast Norðurlandanna

Ísland hefur farið úr sveiflukennustu ferðapjónustu Norðurlanda fyrir áratug í þá stöðugustu ásamt Fínum og eru þessar þjóðir sér á báti hvað stöðugleika varðar.

Norsk ferðapjónusta er með 40% herra hlutfall en sú íslenska og dönsk og sænsk 20% herra.

### Á líku röli og mörg Evrópulönd

Sé litið til annarra Evrópulanda gildir hið sama og í samanburði við Norðurlöndin. Ísland sker sig algerlega úr hvað varðar minnkun árstíðasveiflu í ferðapjónustu síðastliðinn áratug. Sveiflan á Íslandi árið 2019 var 8% minni en nam meðaltali EU28 ríkjanna. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar. Ísland er í svipuðum flokki og Frakkland og Spánn en stöðugra en t.d. Ítalía og Bretland.

### Mesta lækkun sveiflunnar á Suðurlandi

Ágætur árangur hefur náðst í öllum landshlutum við að minnka árstíðasveifluna liðinn áratug. Austurland sker sig úr með nokkra hækkun fyrstu árin eftir 2010 og mestu sveifluna allt tímabilið. Höfuðborgarsvæðið var með minnstu sveiflu allan tímann en mesta lækkunin var á Suðurlandi, 36%.

# LAVA

## Gestgjafi í Lava Centre

### Eldfjallasýning, Njálusýning og Rammagerðin

LAVA Centre á Hvolsvelli óskar eftir öflugum gestgjöfum til að taka á móti gestum og hópum.

Í húsinu er LAVA eldfjalla- og jarðskjálftasýning, stórglæsileg verslun Rammagerðarinnar og lítið kaffihús og verslun. Í haust opnar svo ný spennandi sýning Njálurefilsins. Við óskum eftir öflugu og hressu fólki á skemmtilegan vinnustað. Við leitum að fólki með mikla þekkingu á náttúru Íslands og sögu. Háskólanám í tengdum greinum eins og jarðfræði, líffræði, sagnfræði, leiðsögn eða ferðamálafræðum er kostur en ekki skilyrði.

Mikil tækifæri gefast til að vaxa og þróast í starfi hvort sem viðkemur þróun þjónustu, leiðsögn eða stafrænna verkefna eins og bókunarkerfum, samfélagsmiðlum osfrv.

Óskað er eftir að starfsfólk geti hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknir sendast á [info@lavacentre.is](mailto:info@lavacentre.is) merkt „Starfsúmsókn“.

#### Starfslýsing:

Unnið er á vöktum. Opnunartími er 9-16 alla daga vikunnar. Starfið felst í móttöku á gestum og hópum, leiðsögn um sýningarnar þegar þess er þörf og sala á aðgöngumiðum og gjafavöru. Starfsmenn sinna einnig uppgjöri, bókunum og upplýsingagjöf auk tilfallandi daglegra verkefna s.s. Létt þrif, umsjón með hvíldarherbergi leiðsögumanna og tryggja framúrskarandi aðgengi gesta utan- sem innan húss.

#### Hæfnikröfur:

- Þekking og eða áhugi á náttúru Íslands, jarðfræði og sögu.
- Góð samstarfshæfni
- Góð enskukunnátta
- Skipulagshæfni
- Sjálfstæði og frumkvæði

## FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgun  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Mið. kl. 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla  
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla  
Kirkjan kjallari

Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## OA

Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.

Hrísholti 8, Selfossi.

Nánari upplýsingar á coda.is.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efr  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944  
dfs@dfs.is

## BÍLAR

KIETTUR  
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069



Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## KIRKJUR

## Selfosskirkja

Guðspjónusta sunnudagsins 20.  
júni verður útimessa í Hellinum í  
Hellisskógi kl. 20. Kirkjukórinn  
syngur, stjórnandi Magnea  
Gunnarsdóttir, einnig verður  
önnur tónlist. Prestur Guðbjörg  
Arnardóttir. Hvetjum þau sem  
geta til að koma gangandi eða  
hjólandi.

## Skarðskirkja

Sumarkvöldstund í Skarðskirkju  
með altarisgöngu þriðjudags-  
kvöldið 22. júní, kl. 20. Sérstak-  
lega eru boðin velkomin ferm-  
ingarbörn síðasta árs.

## Skálholtskirkja

Messa kl. 11. Sr. Óskar Hafsteinn  
Óskarsson þjónar fyrir altari.  
Organisti Jón Bjarnason. Verið  
velkomin.

## Marteinstungukirkja

Sumarguðspjónusta sunnudag-  
inn 20. júní, kl. 14. Kaffi og aðal-  
safnaðarfundur að athöfn lok-  
inni.

## Kálholtsskirkja

Kvöldguðspjónusta sunnudags-  
kvöldið 20. júní kl. 20:30. Kaffi-  
sopi og aðalsafnaðarfundur að  
athöfn lokinni.

## Hrunakirkja

Helgistund kl 20 sunnudaginn  
20. júní. Umsjón hafa Óskar  
prestur og Stefán organisti. Allir  
hjartanlega velkomnir.

## Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,  
Eyravegi 67, Selfossi, 19. júní.  
Bibliulexíur kl. 11 og guðspjón-  
usta kl. 12, ræðu hefur Eric  
Guðmundsson. Verið velkomin.

## ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



## VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.  
Upplýsingar í síma 892 5741.

Sumardagskrá í Alviðru  
undir Ingólfsfjalli

Alviðra fræðslusetur Land-  
verndar stendur í sumar  
fyrir metnaðarfullri og áhuga-  
verðri sumardagskrá fyrir gesti  
og gangandi. Alviðra á í góðu  
samstarfi við Náttúruminjasafn  
Íslands og Náttúrufræðistofnun  
Íslands um dagskrána, en þessar  
stofnanir leggja sumardagskrá  
Alviðru til sérfræðinga á hinum  
ýmsu sviðum. Dagskráin felur  
í sér stutt fræðsluerindi og hóf-  
lega göngu á vettvang.

Dagskráin stendur frá kl. 14  
til kl. 16 nokkra laugardaga í

júní og ágúst. Þátttaka er öllum  
að kostnaðarlausu.

19. júní - Lífríkið í fersku  
vatni - Ragnhildur Guðmunds-  
dóttir, líffræðingur.

26. júní - Jurtaríkið - Rann-  
veig Thorðsen, plöntuvistfræð-  
ingur.

14. ágúst - Jarðfræðin í ná-  
grenni Alviðru - Snæbjörn Guð-  
mundsson, jarðfræðingur.

21. ágúst - Ætíhvönn til mat-  
ar, litunar og heilsuþótar - Eva  
Þorvaldssóttir, líffræðingur.



## Sumarbasar Stróks 19. júní

Laugardaginn 19. júní kl. 13-  
16 verður sumarbasar hald-  
inn í Strók að Skólavöllum 1 á  
Selfossi. Til sölu verða innblóm  
sem við höfum verið að rækta  
seinustu vikur frá græðlingum  
(Þúsundbarnamóðir, Ástareldur,  
Aloveraplöntur og fleiri falleg  
blóm), blómahengi, listilega  
skreyttir blómapottar og steinar,  
dúkkuföt, eyrnalokkar og margt  
annað skemmtilegt sem okkar  
dásamlegu félagar hafa verið  
að vinna að í vetur. Basarinn er  
mikilvæg fjárfestun fyrir félagi  
Stróks og hvetjum við fólk til  
að koma og styðja við okkar frá-  
bæru starfsemi.

Klúbburinn Strókur er virkni-  
og endurhæfingarúrræði sem  
er opið öllum íbúum á Suður-  
landi. Strókur er bæði athvarf og  
virknimeðstöð þar sem einstak-  
lingar eru studdir í virkni og bata  
eftir að hafa lent utan vinnu-

markaðar sökum geðraskana  
og/eða eru að glíma við félags-  
lega einangrun. Opnunartími  
Stróks er mánud.-fimmtud. frá  
kl. 8:30-15:00. Þeim sem koma  
í þjónustu hjá Strók er boðið upp  
á einstaklingsmiðaðan stuðning  
þar sem hjálp til sjálfshjálpar  
er veitt og unnið út frá styrk-  
leikum hvers og eins. Dagskrá  
Stróks er þannig uppbyggð að  
boðið er upp á dagskrárlíði sem  
styðja við iðju-, líkamlega, and-  
lega- og félagslega færni. Unnið  
er með hverjum og einum að  
hans markmiðum og einstak-  
lingar studdir til eflingar hvort  
sem er í formi fjölbreyttar vinnu  
í húsinu, öðrum sjálfbodaliða-  
störfum, skráningu í nám eða  
þeir aðstoðaðir við að komast út  
á vinnumarkað. Jafningjastuð-  
ningur er án efa einn af stærstu  
styrkleikum starfseminnar og  
það að rjúfa félagslega ein-

angrun. Aðal markmið Stróks er  
að styðja við bataferli notenda  
heilbrigðiskerfisins og að fólk  
með geðraskanir og/eða félags-  
lega einangrun fái úrræði við  
sitt hæfi í heimabyggð. Einn-  
ig að auka tengsl fólks og efla  
einstaklinginn til sjálfshjálpar,  
stuðla að virkni og endurkomu  
út á vinnumarkað, fyrirbyggja  
innlagnir og brjóta niður for-  
dóma.

Við vonum að sem flestir  
sjái sér fært að mæta á sumar-  
basarinn okkar þann 19. júní  
næstkmandi, við tökum vel á  
móti gestum og gangandi. Frjáls  
framlög frá fyrirtækjum og öð-  
rum aðilum til styrktar starfsse-  
minni okkar eru alltaf vel þegin.  
Nánari upplýsingar á heimasíðu  
Stróks, www.strokur.is.

Fjóla Einarsdóttir,  
forstöðumaður Stróks.

## Árangur og áhugahvöt - kveikjum neistann!

Samtök atvinnulífsins og Háskóli Íslands undirrituðu þann 1. júní sl. samning um stofnun Rannsóknarseturs um menntun og hugarfar (e. Research Center for Education and Mindset) sem hefur aðsetur við Menntavísindasvið HÍ og við starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum. Við sama tækifæri var undirritaður samningur um fyrsta verkefnið sem rannsóknarsetrið mun standa að í samvinnu við Vestmannaeyjabæ og Samtök atvinnulífsins.

Hermundur Sigmundsson, prófessor við Háskóla Íslands, mun leiða rannsóknir á vegum setursins ásamt teymi fræðimanna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og NTNU háskóla í Noregi þar sem Hermundur starfar einnig. Rannsóknir á vegum setursins munu beinast að grunnfærni í læsi og lestri, stærðfræði, náttúrufræði. Einnig verður lögð áhersla á rannsóknir á tengslum hreyfingar og vitsmunastarfsemi og á mikilvægi ástríðu, gróskuhugafars og flæðis í skólaumhverfinu. Sérstök áhersla er á að efla samstarf við atvinnulíf, sveitarfélög og skóla á landsbyggðinni. Rannsóknarsetrið mun miðla kunnáttu og niðurstöðum til samfélagsins og sinna ráðgjöf fyrir sveitarfélög. Einnig gæti setrið komið að þróun á kennslufærni í lestri, stærðfræði og náttúrufræði fyrir yngstu stig grunnskóla eða elstu stig leikskóla.

„Fyrsta verkefnið sem rannsóknarsetrið ræðst í er gríðarlega áhugavert rannsóknar- og þróunarverkefni við grunnskólann í Vestmannaeyjum“, segir Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, en hún mun taka sæti í stjórn setursins. „Það er tilkomið að frumkvæði Hermundar Sigmundssonar og öflugra kennara og skólastjórnenda í Eyjum sem ætla að leiða saman hesta sína til að vinna að því að nýta markvissa eftirfylgni og raunhæft námsmat til að styðja við námsárangur allra barna.“ Hún bendir einnig á að áherslur Hermundar á tengsl hreyfingar og áhugahvatar á námsárangur séu mikilvægar og að þarna gefist tækifæri til að rannsaka og þróa betur skólastarf í þeim anda. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla

Íslands, lýsir yfir ánægju um þennan samning og segir: „Við Háskóla Íslands leggjum við mikla áherslu menntarannsóknir og þróun skólastarfs. Starf rannsóknasetursins styrkir þá áherslu. Ég fagna einnig samstarfi við Samtök atvinnulífsins í þessu verkefni.“

Samtök atvinnulífsins munu taka þátt í fjármögnun rannsóknarverkefna á vegum setursins. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir að miklu skiptir að fá alla menntun, nám og færni til framtíðar: „Við hjá Samtökum atvinnulífsins höfum lagt ríka áherslu á menntamálin og stígum nú spennandi skref í samstarf við fræðasamfélagið. Það er aðkallandi mál að þróa skólastarfið í takt við breytta tíma. Menntun er undirstaða sterks atvinnulífs og heilbrigðs fyrirtækjareksturs.“

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, segir að rannsóknar- og þróunarverkefnið sem ber yfirskriftina Kveikjum neistann! sé vitnisburður um þann mikla metnað og grósku sem einkennir starf grunnskólans. „Þetta verkefni byggist á samvinnu kennara, skólastjórnenda, nemenda og foreldra og það er ómetanlegt að fá til liðs við okkur fræðafólk frá háskólanum. Hermundur hefur talað fyrir ákveðnum grundvallarþröngum á skipulagi skólalagsins, raunhæfu námsmati og markvissri eftirfylgd. Þessar hugmyndir urðu að samtalum um heildstætt rannsóknar- og þróunarverkefni og markmiði er fyrst og fremst að gera gott skólastarf enn betra.“

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra er sérstakur verndari rannsóknar- og þróunarverkefnisins í Eyjum. Hún fagnar samstöðu skólasamfélagsins í Vestmannaeyjum, háskólans og atvinnulífsins um að skipuleggja heildstæða rannsókn á lykilþáttum menntunar með hagsmuni nemenda í huga: „Það er ljóst að aðilar þessa samstarfs deila framtíðarsýn nýrrar menntastefnu til ársins 2030 og mikilvægi markvissrar hagnýtingar menntarannsóknar til umbóta í skólastarfi. Þetta er gríðarlega spennandi og ég hlakka til að fylgjast með þeim lærdómi sem verður dreginn af verkefninu.“



## Rafmagnsævintýrið á Klaustri

Listatvíeykið Yotta Zetta opnar sýninguna Rafstöðvarævintýrið þann 17. júní 2021 kl. 16-19 á neðri hæð Gisti-hússins sem stendur hjá Systrafossi á Kirkjubæjarklaustri.


Tvíeykinu Yotta Zetta, þeim Ólöfu Benediktsdóttur og Rán Jónsdóttur, eru mjög hugleikin þau straumhvörf sem urðu í lífnaðarháttum á Íslandi með tilkomu rafmagnsins.

Á sýningunni vinnur tvíeykið með sögu rafvæðingar sem átti sér stað í byrjun 20. aldar þegar bændur í Skaftárhreppi tóku sig saman og lærðu af bók hvernig þeir gætu byggt rafafsvirkjanir og byggðu í kjölfarið á þriðja hundrað virkjanir víðsvegar um landið. Vatnsafsvirkjanir veittu yl og varma án sótsins og stybbunnar sem fylgdi lýsislömpum og olúkyndingu. Lífskjör

fólks tóku stakkaskiptum, auk þess sem iðnaður blómstraði og hagvöxtur í landinu jókst.

Á Klaustri var rafmagnið nauðsynlegt til að hægt væri að slátra og frysta kjöt en sauðfjárbúskapur var aðalatvinnugreinin á svæðinu.

Hluti af sýningunni er Gullmolinn, gullmálað inntakshús uppi á Klausturfjalli. Inntakshúsið er fyrir rafstöð sem framleiðir 100 kw af rafmagni og hefur verið í gangi í marga áratugi. Meiri upplýsingar um Gullmolann og rafstöðina má lesa á Eldsveitir.is. Sýningin er auk Gullmolans, fólgin í skissum, ljósmyndum og textum sem skrasetja undirbúningsferli verksins, auk tvívíðra og þrívíðra verka sem gera sér smávirkanasögu Íslands að viðfangsefni á einn eða annan hátt.



Hvaða gerð af túrbínu er á myndinni? (Ljós. ÓB)

## Prestsbústaðurinn er glæsilegt hús



Þar sem mætast nýi og gamli hlutinn er notalegur pallur. (Ljós. LM)

Prestsbústaðurinn á Kirkjubæjarklaustri setur mikinn svip á þorpið þar sem hann stendur í stórum garði beint á móti Kirkjubæjarskóla á Síðu. Húsið var reist 1939 og byggt við það 1973. Húsið var orðið afskaplega illa farið en hefur nú verið endurgert og má sannarlega þakka yfirmönnum þjóðkirkjunnar fyrir þær myndarlegu framkvæmdir.

Prestssetur var á Prestsbakka og þar bjó Sr. Jón Steingrímsson, eldklerkurinn frægi. En 1939 vildi Lárus Helgason bóndi á Kirkjubæjarklaustri fá prestssetrið og seldi kirkjumálaráðuneytinu 5 ha af túni Kirkjubæjarklaustursjarðarinnar, ásamt rétti til slæгна, beitar og garðræktar og jafnframt afnotarétti af 5 kW af raforku frá heimarafstöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Húsin sem standa við Skerjavelli og Skriðuvelli eru byggð á landinu sem fylgdi prestsbústaðnum, þar á meðal læknisbústaðurinn og nýju lóðirnar þar sem verið er að afhenda.

### Kirkjubæjarklaustur fyrir 1960

Prestsbústaðurinn var teiknaður af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, reisulegt tveggja hæða hús. Árin 1972 - 1973 var húsið stækkað, bætt við eldhúsi og stofu sem Jes Einar Þorsteinsson arkitekt teiknaði og var húsið þá orðið 240 fm. Húsið er nú aftur orðið ágætt húsnæði fyrir prestinn og fjölskyldu hans en þar er líka skrifstofa prestsins.

### Prestsbústaðurinn

Fyrstu ábúendur í prestsbústaðnum voru Sr. Gísli Brynjólfsson

og Ásta Valdimarsdóttir. Þau voru áhugasöm um garðrækt og gróðursettu tré á lóðinni og ræktuðu grænmeti, þau byggðu líka fjárhús, fjós, hlöðu, hesthús og súrheysgröfju. Allt er þetta nú horfið nema eitt húsa sem búið er að breyta í geymslu.

Fáir prestar hafa þjónað á Klaustri en næstur á eftir Sr. Gísla var Sr. Sigurjón Einarsson sem var prestur frá 1963 til 1998, þá tók við Sr. Bryndís Malla Elísdóttir og þjónaði hún til 2006 þegar Sr. Ingólfur Hartvigsson kom og var hér í nokkur ár en svo var sr. Ingimar Helgason ráðinn prestur í Kirkjubæjarprestursprestakall 15. nóvember 2019. Nokkrir prestar hafa leyst af tímabundið sem ekki eru nefndir hér.

### Kirkjukórinn í garðinum

Stuttu eftir að prestshúsið var risið og þau Sr. Gísli og Ásta flutt inn voru fjórir breskir hermenn sendir austur að Klaustri til að setja upp strandvarðstöð til þess að fylgjast með ferðum skipa og flugvéla. Hermönnum var komið fyrir í einu herbergi í prestsbústaðnum en þar bjó eini maðurinn á Klaustri sem gat talað ensku, séra Gíslí. Myndaðist góður vinskapur milli bresku hermanna og fólksins á Klaustri. Seinna komu Ameríkanar í stað Bretanna en þeir tengdust ekki á sama hátt og skipti oft um mannskap og voru allir farnir 1943. Á þessum tíma var Erró, Guðmundur Guðmundsson, krakki á Klaustri og fór hann oft með hermönnum á skíði og hafði talsvert saman við þá að sælda.

Fyrir fáum árum var viðbygging hússins lagfærð en svo á síðustu árum hafði komst raki í kjallara eldri byggingarinnar og sá hluti hússins var orðinn óíbúðarhæfur vegna myglu. Varð að taka ákvörðun um hvað gera skyldi. Einn möguleikinn var að rífa húsið, annar að selja það og sá þriðji að fara í gagngerar endurbætur. Sérfræðingar komu og tóku út húsið og mátu það svo að hægt væri að bjarga húsinu og því þyrfti ekki að koma til þess að rífa húsið. Kirkjumálasjóður fjármagnaði framkvæmdir og ákveðið var hvernig ætti að gera við húsið. Upphófst mikil vinna við og í kringum húsið. Var meðal annars skipt um allan jarðveg fyrir framan húsið á bílastæðinu og ný drenlög gerð í kringum eldri hluta hússins. Einnig var skipt um þak á eldri hluta hússins en þakplöturnar þar voru meira og minna ónýtar. Inni í húsinu var svo kjallarinn allur tekinn í gegn til að sporna við myglunni og aðeins útveggir stóðu heilir eftir, nýir veggir settir í staðinn með nýrri einangrun og allt þrifið eftir kúnstarinnar reglum. Í eldri hluta hússins var sett nýtt gólfefni á öll gólf, einnig nýir ofnar ásamt því að þaðherbergin voru gerð upp. Húsið var málað að utan sem innan.

Það má með sönnu segja að gamla húsið sé í raun nýtt enda var endurbyggingin viðamikil og vonir standa til að komið hafi verið í veg fyrir frekari skemmdir næstu árin. Í sumar verður vonandi farið í að laga bílplanið og klára hinar ýmsu viðgerðir í garðinum enda garðurinn úr sér genginn og orðinn hálfgerð órækt í staðinn fyrir bæjarþryði eins og hann áður var. Prestsbústaðurinn er falleg miðja Kirkjubæjarklausturs og ánægjulegt að sjá hvað húsið er glæsilegt.

Texti: Lilja Magnúsdóttir.

# Veglegur styrkur til meðferðarstarfs Sigurhæða

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra úthlutaði hinn 1. júní sl. rúmlega 28 milljónum króna í gæða- og nýsköpunarstyrki til alls 13 verkefna. Verkefni þurftu að hafa skýran ávinning fyrir heilbrigðisþjónustuna og þann hóp sem þjónustan beinist að. Hæstu styrkir námu fjórum milljónum króna og hlutu tvö verkefni styrk að þeirri upphæð. Sigurhæðir, í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fékk fjórar milljónir króna til þess að þróa faglegan hluta meðferðarstarfs Sigurhæða.

### Öruggur vettvangur í skjóli fagfólks

Sigurhæðir er úrræði fyrir konur á Suðurlandi sem eru eða hafa verið þolendur ofbeldis, hvort sem það er kynferðislegt, andlegt, líkamlegt eða tilfinningalegt. Innan Sigurhæða er þeim boðinn öruggur vettvangur og aðstoð fagfólks til að vinna úr áföllum sem eiga rætur í ofbeldinu. Sigurhæðir eru staðsettar að Skólavöllum 1 á Selfossi og hófst starfsemi 22. mars sl. Frá þeim tíma hafa alls um 40 konur leitað til Sigurhæða.

Frumkvæðið að stofnun Sigurhæða tóku Soroptimistasystur á Suðurlandi, en samstarfsaðilar í verkefninu eru Heilbrigðisstofnun Suðurlands, lögreglan á Suðurlandi, öll sunnensk sveisarfélög, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin. Auk þess að bjóða konum sérhæfða meðferð eru markmið Sigurhæða einnig að skapa þessum samstarfsaðilum vettvang til að efla með sér samstarf og samhæfingu í þjónustunni við þennan hóp skjólstaðinga og í þriðja lagi að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi meðal almennings, fagaðila og samstarfsaðila í verkefninu með þjálfun og fræðslu.

### Sérhæfður stuðningur í höndum fagfólks

Þrjár sérhæfðir meðferðaraðilar hafa verið ráðnir til Sigurhæða. Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur, Helga Jóna Jónsdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur og Jóhanna Kristín Jónsdóttir sálfræðingur. Elísabet og Helga Jóna eru reynslumiklir meðferðaraðilar sem sjá um forviðtöl og stuðningsviðtöl ásamt því að sinna hópmeðferðarstarfi Sigurhæða. Jóhanna Kristín er almennur sálfræðingur með viðbótar-menntun á sviði meðferðar og hefur sérhæfða þjálfun og reynslu í EMDR áfallameðferð.

Soroptimistasystur manna vaktir sem sinna móttöku, tímapöntunum og síma, en koma að öðru leyti ekkert að málefnum skjólstaðinga. Hafa þær allar sótt undirbúningsnámskeið vegna starfa sinna ásamt því að undirrita þagnareid.

Innan Sigurhæða er boðið upp á einstaklingsviðtöl, stuðningsviðtöl, ráðgjöf, hópmeðferðarstarf, viðtöl við lögreglu og ráðgjöf frá Kvennaráðgjöfinni um lagaleg málefni. Í hópmeðferðarstarfinu hittist hver hópur 10 sinnum og er meðal annars beitt aðferðum listmeðferðar í hópastarfinu. EMDR áfallameðferðin er gagnreynd sálfræðimeðferð sem er ætluð skjólstaðingum Sigurhæða á síðari stigum meðferðar. Með EMDR meðferð er hægt að meðhöndla hvoru tveggja, nýleg eða eldri áföll skjólstaðinga og ekki er gerð krafa um greiningu áfallastreitu til að meðferð geti hafist. Í EMDR er skjólstaðingur leiddur með ábyrgum hætti í gegnum þá erfiðu upplifun sem áfallið felur í sér, hvort sem um eitt einstakt tilvik er að ræða, eða upplifun erfiðrar lífeyrnslu sem hefur varað yfir tíma. Skilgreining á áfalli miðast við alvarlega streituvaldandi lífsreynslu sem hefur ógnað lífi, heilsu og/eða sjálfsmynd viðkomandi og áfallameðferðar er þörf af skjólstaðingur upplifir að reynslan fylgi honum og hann nái ekki að komast yfir hana af



Starfsfólk Sigurhæða tekur vel á móti konum sem eru eða hafa verið þolendur ofbeldis.

sjálfsdáðum.

Sigurhæðir er fyrsta úrræðið á sviði þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Íslandi sem byggir á EMDR áfallameðferð og er nýmælið í þjónustunni við þennan hóp því einkum fólgið í henni.

Í Sigurhæðum er lögð áhersla á persónulega nálgun þar sem konur fá tækifæri að vinna á eigin hraða og út frá eigin forsendum. Öll þjónusta er gjaldfrjál og nafnleyndar er gætt. Sigurhæðir er fyrsta og hingað til eina sérhæfða úrræðið á þessu sviði sem starfrækt er á Suðurlandi.

Frekari upplýsingar má nálgast á sigurhaedir.is og í síma 834 5566.

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

**Hjólbarðar**  
Betri vörur - betra verð

**Sprettur ÁBURÐUR**

**Skeljungur**  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**D-H BÓKHULD**

- ✓ Bókhaldspjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir  
MACC í viðskiptafræði  
dhhokhald@gmail.com  
s. 6933708

**Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi**

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús  
Öryggiskerfi  
Eftirlitsmyndavélakerfi  
Hljóðkerfi  
Simkerfi o.fl.

**Sérhæfing - Þekking - Reynsla**

**Gunnar Guðmundsson**  
Sími 694 4922

**Vilmundur Sigurðsson**  
Sími 779 6777

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

**prentmet**  
heilðarlusnir í prentun

Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is

**Rétting og málun**

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
Sími 480 8020

**Jiibbiíi Siggafærðir**

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**Lagnaþjónustan ehf**

Þípulagnir - Efnissala  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**FYLGD**  
Útfarapjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

**Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar**

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NYTT**

**Vinnuvélanámskeið á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINNÁTTU!

**Fæst hjá BYKO Selfossi**

**HREINGERINGAÞJÓNUSTA** Suðurlands ehf.

Allar ræstingar  
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,  
bón, gluggabreinsun o.fl.  
Sími 897 8444  
Hreint um allt Suðurland

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is